

AUGLÝSING

um samning við Bandaríkin um að bæta alþjóðlega reglufylgni á sviði skattamála og að framfylgja FATCA-lögunum.

Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku um að bæta alþjóðlega reglufylgni á sviði skattamála og að framfylgja FATCA-lögunum, sem undirritaður var í Reykjavík 26. maí 2015, öðlaðist gildi 22. september 2015.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 11. desember 2015.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku um að bæta alþjóðlega reglufylgni á sviði skattamála og að framfylgja FATCA-lögunum.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku (hvor um sig „aðili að samningi þessum“ og saman „aðilar að samningi þessum“) vilja gera samning til þess að bæta alþjóðlega reglufylgni á sviði skattamála með gagnkvæmri aðstoð í skattamálum sem byggir á skilvirku fyrirkomulagi reglubundinna upplýsingaskipta;

þar sem 25. gr. samningsins milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og samkvæmt meðfylgjandi bókun („tvísköttunarsamningurinn“), sem var gerður í Washington hinn 23. október 2007, heimilar að skiptst sé á upplýsingum um skattamál, meðal annars með reglubundnum hætti;

þar sem Bandaríki Norður-Ameríku samþykktu ákvæði, almennt þekkt sem lögin um reglufylgni við skattskyldu vegna viðskiptareikninga erlendis („FATCA“), sem innleiða tilkynningaskyldu fyrir fjármálastofnanir að því er varðar tiltekna viðskiptareikninga;

þar sem íslensk stjórnvöld styðja þá stefnumörkun sem liggur að baki FATCA-lögunum, þ.e. að bæta reglufylgni á sviði skattamála;

þar sem FATCA-lögin hafa vakið upp nokkrar spurningar, meðal annars um hvort íslenskar fjármálastofnanir séu í stakk búnar til þess að fylgja þeim, að því er tiltekin atriði varðar, vegna innlendra lagalegra hindrana;

þar sem ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku safnar upplýsingum um tiltekna viðskiptareikninga sem bandarískar fjármálastofnanir viðhalda og einstaklingar heimilisfastir á Íslandi eru handhafar að og skuldbindur sig til að skiptast á þeim upplýsingum við íslensk stjórnvöld og stefna að jafnræði í upplýsingaskiptum, að því tilskildu að viðeigandi verndarráðstafanir og fyrirkomulag sé fyrir hendi til þess að fyrirnefnd reglubundin upplýsingaskipti milli samningsaðilanna geti farið fram;

þar sem nálgun á framkvæmd FATCA-laganna á grundvelli milliríkjasamstarfs gerir kleift að fást við lagalegar hindranir og létta byrðar íslenskra fjármálastofnana;

þar sem aðilarnir að samningi þessum vilja ganga frá samningi í því skyni að bæta alþjóðlega reglufylgni á sviði skattamála og kveða á um framkvæmd FATCA-laganna, sem byggist á innlendum tilkynningum og gagnkvæmum, reglubundnum upplýsingaskiptum samkvæmt tvísköttunarsamningnum, með fyrirvara um þagnarskyldu og annars konar vernd sem hann kveður á um, m.a. ákvæði sem takmarka nýtingu þeirra upplýsinga sem skipst er á samkvæmt tvísköttunarsamningnum,

hafa aðilar að samningi þessum nú orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar.

1. Í samningi þessum og viðaukum við hann („samningurinn“) er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- a) „*Bandaríkin*“ merkir Bandaríki Norður-Ameríku, þar með talin ríkin sem mynda þau, að undanskildum ytri landsvæðum Bandaríkjanna (e. U.S. Territories). Allar vísanir til „*ríkis*“ innan Bandaríkjanna taka til Columbia-héraðs (District of Columbia).
 - b) „*Ytri landsvæði Bandaríkjanna*“ merkir Amerísku Samoa, Samveldið Norðlægu Marianaeyjar, Guam, Samveldið Puerto Rico eða Bandarísku Jómfrúaeypjar.
 - c) „*IRS*“ merkir Skattstofa Bandaríkjanna (e. Internal Revenue Service).
 - d) „*Ísland*“ merkir Ísland.
 - e) „*Samstarfslögsaga*“ merkir lögsögu þar sem í gildi er samningur við Bandaríkin um að greiða fyrir framkvæmd FATCA-laganna. IRS birtir lista yfir allar samstarfslögsögur.
 - f) „*Bært stjórnvald*“ merkir:
 - (1) að því er varðar Bandaríkin, fjármálaráðherra eða fulltrúa hans; og
 - (2) að því er varðar Ísland, fjármálaráðherra eða fulltrúa hans.
 - g) „*Fjármálastofnun*“ merkir vörslustofnun, innlánsstofnun, fjárfestingaraðila eða tilgreint váttryggingafélag.
 - h) „*Vörslustofnun*“ merkir hvern þann lögaðila sem stundar starfsemi sem að verulegu leyti snýst um að varðveita fjáreignir fyrir reikning annarra. Talið er að aðili stundi starfsemi, sem að verulegu leyti snýst um að varðveita fjáreignir fyrir reikning annarra, ef vergar tekjur viðkomandi lögaðila, sem rekja má til þess að varðveita fjáreignir og veita tengda fjármálaþjónustu, jafngilda eða fara yfir 20 hundradshluta af vergum tekjum fyrrnefnds lögaðila á öðru hvoru því tímabili sem um getur hér að aftan og er styttra: (i) því þriggja ára tímabili sem lýkur 31. desember (eða síðasta dag uppgjörstímabils árs sem ekki er almanaksár) á undan því ári þegar ákvörðun með útreikningi er tekin; eða (ii) því tímabili sem er líftími viðkomandi lögaðila.
 - i) „*Innlánsstofnun*“ merkir lögaðila sem tekur við innlánnum í venjulegri bankastarfsemi eða sambærilegri viðskiptastarfsemi.
 - j) „*Fjárfestingaraðili*“ merkir lögaðila sem fæst við að stjórna (eða lýtur stjórn lögaðila sem fæst við að stjórna) eftirfarandi starfsemi eða rekstri, einni/einum eða fleiri, fyrir viðskiptavin eða fyrir hönd viðskiptavinar:
 - (1) viðskiptum með peningamarkaðsgerninga (tékka, reikninga, innlánskírteini, afleiður o.s.frv.), erlendan gjaldeyri, gengis- og vaxtabréf og vísitölugerninga, framseljanleg verðbréf eða viðskiptum með framvirkum hráefnum (e. commodity futures trading);
 - (2) einstaklingsmiðaðri og sameiginlegri stjórnun eignasafns; eða
 - (3) annars konar fjárfestingu, umsýslu eða stýringu sjóða eða fjármuna fyrir hönd annarra aðila.

Túlka ber j-lið 1. undirgreinar með sambærilegum hætti og sams konar orðalagi sem er að finna í skilgreiningu hugtaksins „fjármálastofnun“ í tilmælum FATF (e. Financial Action Task Force).
 - k) „*Tilgreint váttryggingafélag*“ merkir lögaðila sem er váttryggingafélag (eða eignarhaldsfélag váttryggingafélags) sem gefur út, eða er skuldbundið til að inna af hendi greiðslur vegna, váttryggingarsamninga að tilteknu peningavirði eða lífeyrissamninga.
 - l) „*Íslensk fjármálastofnun*“ merkir: (i) fjármálastofnun, sem hefur heimilisfesti á Íslandi, að undanskildum útibúum þess háttar fjármálastofnunar sem eru staðsett utan Íslands og (ii) útibú fjármálastofnunar, sem hafa ekki heimilisfesti á Íslandi, ef þess konar útibú eru staðsett á Íslandi.
 - m) „*Fjármálastofnun innan samstarfslögsögu*“ merkir: (i) fjármálastofnun, sem er stofnsett innan samstarfslögsögu, að undanskildum útibúum þess konar fjármálastofnana sem eru staðsett utan fyrrnefndrar samstarfslögsögu; og (ii) útibú fjármálastofnunar, sem eru ekki stofnsett í viðkomandi samstarfslögsögu, ef þess konar útibú eru staðsett innan þeirrar samstarfslögsögu.
 - n) „*Tilkynningarskylda fjármálastofnun*“ merkir íslenska tilkynningarskylda fjármálastofnun eða bandaríska tilkynningarskylda fjármálastofnun, eftir því sem við á.

- o) „Íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun“ merkir íslenska fjármálastofnun sem er ekki íslensk fjármálastofnun sem er ekki tilkynningarskyld.
- p) „Bandarísk tilkynningarskyld fjármálastofnun“ merkir: (i) fjármálastofnun, sem hefur heimilisfesti í Bandaríkjunum, að undanskildum útibúum þess konar fjármálastofnunar sem eru staðsett utan Bandaríkjanna og (ii) útibú fjármálastofnunar sem hafa ekki heimilisfesti í Bandaríkjunum, ef þess konar útibú eru staðsett í Bandaríkjunum, að því tilskildu að viðkomandi fjármálastofnun eða útibú hafi yfirráð yfir tekjum, hafi tekið við tekjum eða gæti tekna sem upplýsingaskipta er krafist vegna skv. b-lið 2. mgr. 2. gr. samnings þessa.
- q) „Ekki tilkynningarskyld íslensk fjármálastofnun“ merkir íslenska fjármálastofnun, eða annan lögaðila sem hefur heimilisfesti á Íslandi, sem lýst er í II. viðauka sem ekki tilkynningarskyldri íslenski fjármálastofnun eða sem með öðrum hætti uppfyllir skilyrði þess að vera talin reglufylgin erlend fjármálastofnun eða að vera raunverulegur eigandi sem er undanþeginn samkvæmt viðeigandi bandarískum skattareglugerðum.
- r) Hugtakið „fjármálastofnun sem ekki er þátttakandi í FATCA“ merkir erlenda fjármálastofnun sem ekki er þátttakandi í FATCA, eins og það hugtak er skilgreint í viðeigandi bandarískum skattareglugerðum, en tekur ekki til íslenskrar fjármálastofnunar eða annarrar fjármálastofnunar innan samstarfslögsögu, annarrar en fjármálastofnunar sem farið er með sem fjármálastofnun sem ekki er þátttakandi í FATCA skv. b-lið 2. mgr. 5. gr. samnings þessa eða samsvarandi ákvæðum í samningi milli Bandaríkjanna og samstarfslögsögu.
- s) „Fjárhagsreikningur“ merkir viðskiptareikning sem fjármálastofnun viðheldur og felur í sér:
 - (1) í tilviki lögaðila, sem er fjármálastofnun eingöngu vegna þess að hann er fjárfestingaraðili, eignaréttindi eða skuldareign (þó ekki eignarhluti sem regluleg viðskipti fara fram með á viðurkenndum verðbréfamarkaði) í viðkomandi fjármálastofnun;
 - (2) í tilviki fjármálastofnunar, sem er ekki lýst í 1. tölulið s-liðar 1. mgr. þessarar greinar, eignaréttindi eða skuldareign í viðkomandi fjármálastofnun (aðra en eignarhluti sem regluleg viðskipti fara fram með á viðurkenndum verðbréfamarkaði), ef (i) verðgildi skuldareignarinnar eða eignaréttindanna er einkum ákveðið, beint eða óbeint, með skírskotun til eigna sem valda því að unnt er að halda eftir greiðslum sem upprunnar eru í Bandaríkjunum og (ii) viðkomandi flokkur eignarhluta var stofnaður í því skyni að komast hjá tilkynningum í samræmi við ákvæði þessa samnings; og
 - (3) allir váttryggingarsamningar að tilteknu peningavirði og lífeyrissamningar, sem fjármálastofnun gefur út eða viðheldur, að undanskildum lífeyri sem tengist ekki fjárfestingum, er óframseljanlegur eða tafarlaus og fellur einstaklingi í skaut og er eftirlaun eða örorkubætur í formi peninga sem eru látin eða látnar í té samkvæmt viðskiptareikningi sem fellur ekki undir skilgreiningu á fjárhagsreikningi í II. viðauka.

Þrátt fyrir það sem að framan greinir tekur hugtakið „fjárhagsreikningur“ ekki til neins viðskiptareiknings sem skilgreining fjárhagsreiknings í II. viðauka útilokar. Að því er samning þennan varðar „ganga eignarhlutir kaupum og sölum“ ef um ræðir veruleg og viðvarandi viðskipti á eignarhlutunum og „viðurkenndur verðbréfamarkaður“ merkir opinberlega viðurkennda kauphöll, sem stjórnvöld, þar sem viðkomandi markaður er staðsettur, hafa eftirlit með og árleg viðskipti eigna á markaðinum eru veruleg. Að því er varðar þennan s-lið 1. mgr. fara viðskipti með eignarhlut í fjármálastofnun ekki fram á reglubundinn hátt og skal fara með hann eins og fjárhagsreikning ef handhafi eignarhlutarins (annar en fjármálastofnun sem kemur fram sem miðlari) er skráður í bækur þess háttar fjármálastofnunar. Ákvæði málsliðsins hér á undan munu ekki gilda um eignarhluti sem eru fyrst skráðir í bækur þess háttar fjármálastofnunar fyrir 1. júlí 2014 og að því er varðar eignarhluti, sem eru fyrst skráðir í bækur þess háttar fjármálastofnunar hinn 1. júlí 2014 eða eftir þá dagsetningu, er ekki gerð krafa um að fjármálastofnun beiti ákvæðum málsliðsins hér á undan fyrir 1. janúar 2016.
- t) Hugtakið „innlánsreikningur“ tekur til allra veltureikninga, sparireikninga, tímabundinna reikninga eða sparnaðarreikninga sem eru vottaðir með innlánskilríki, sparnaðarskilríki, fjárfestingarskilríki, skuldsetningarskilríki eða öðru álíka skjali sem fjármálastofnun heldur úti í venjubundinni bankastarfsemi eða álíka starfsemi. Innlánsreikningur tekur einnig til

- fjárhæðar sem váttryggingafélag hefur undir höndum samkvæmt tryggtum fjárfestinga-samningi eða álíka samkomulagi um að greiða eða færa til tekna lánsvexti á hana.
- u) „*Vörslureikningur*“ merkir reikning (að undanskildum váttryggingarsamningi eða lífeyris-samningi) sem þjónar hagsmunum annars lögaðila sem er handhafi fjármálagernings eða samnings sem er rekinn sem fjárfesting (þar með talin, en ekki takmarkaður við, hlutabréf eða eignarhluti í fyrirtækjum, skuldaviðurkenningu, skuldabréf, óveðtryggt skuldabréf eða aðrar sannanir um skuldir, viðskipti með gjaldmiðla eða vörur, skuldatryggingar, skipti byggð á vísitölum sem ekki eru fjárhagslegar, samningar um grundvallarfjárhæð afleiða, váttryggingarsamningar eða lífeyrissamningar, ásamt valréttum eða öðrum afleiðugerning-um).
- v) „*Eignaréttindi*“ merkir, í tilviki sameignarfélags sem er fjármálastofnun, annað hvort höfuðstólseign eða eignarhlut í hagnaði innan sameignarfélagsins. Í tilviki fjárvörslusjóðs, sem er fjármálastofnun, er litið svo á að eignaréttindi séu í höndum aðila sem litið er á sem stofnanda eða réttthafa alls sjóðsins eða hluta hans eða annarra einstaklinga sem fara með virka og endanlega stjórn sjóðsins. Farið skal með tilgreindan bandarískan aðila sem væri hann réttthafi gagnvart erlendum fjárvörslusjóði ef fyrrnefndur tilgreindur bandarískur aðili á rétt á því að taka við, beint eða óbeint (til dæmis fyrir milligöngu tilnefnds aðila), skyldubundinni útgreiðslu eða er heimilt að taka við, beint eða óbeint, valkvæðri útgreiðslu frá sjóðnum.
- w) „*Váttryggingarsamningur*“ merkir samning (að undanskildum lífeyrissamningi) þar sem útgefandinn fellst á að greiða fjárhæð þegar tiltekinn váttryggingaratburður á sér stað sem leiðir til dauðsfalls, sjúkdómsástands, slyss, bótaábyrgðar eða skemmda á váttryggðri fast-eign.
- x) „*Lífeyrissamningur*“ merkir samning þar sem útgefandinn fellst á að inna greiðslur af hendi á tímabili sem er ákveðið í heild eða að hluta með vísan til lífslíka eins einstaklings eða fleiri. Hugtakið tekur og til samnings sem er talinn vera lífeyrissamningur samkvæmt lögum, reglugerðum eða venju í þeirri lögsögu þar sem samningurinn var gefinn út og ef í honum er kveðið á um að útgefandinn fallist á að inna greiðslur af hendi svo árum skiptir.
- y) „*Váttryggingarsamningur að tilteknu peningavirði*“ merkir váttryggingarsamning (að undan-skildum samningum um endurábyrgðartryggingu milli tveggja váttryggingafélaga) sem er yfir 50.000 Bandaríkjadalir að peningavirði.
- z) „*Peningavirði*“ merkir þá fjárhæð sem er hærri en önnur af eftirfarandi: (i) sú fjárhæð sem viðkomandi váttryggingartaka ber réttur til að fá greidda þegar fallið er frá samningi eða honum sagt upp (sem er ákveðin án lækkunar vegna gjalds fyrir að falla frá samningi eða vegna láns í tengslum við váttryggingarsamning) og (ii) sú fjárhæð sem viðkomandi váttryggingartaki getur tekið að láni samkvæmt samningnum eða í ljósi hans. Þrátt fyrir það sem að framan greinir tekur hugtakið „peningavirði“ ekki til fjárhæðar, sem ber að greiða samkvæmt váttryggingarsamningi, þ.e. fjárhæðar sem er:
- (1) bætur fyrir líkamstjón eða bætur úr sjúkratryggingu eða aðrar bætur sem eru skaða-bætur fyrir efnahagslegt tjón, sem stofnast þegar atburður á sér stað sem viðkomandi hefur tryggt sig gegn;
 - (2) endurgreiðsla til váttryggingartaka á áður greiddu iðgjaldi samkvæmt váttryggingar-samningi (öðrum en líftryggingarsamningi) af þeirri ástæðu að slíkur samningur er afturkallaður eða honum sagt upp, að áhætta hefur minnkað á gildistíma váttryggingar-samningsins eða sem leiðir af endurákvörðun iðgjaldsins vegna leiðréttingar færsluvillu eða annarrar álíka skekkju; eða
 - (3) arður váttryggingartaka sem byggist á váttryggingarreynslu samkvæmt samningnum eða viðkomandi hópi.
- aa) „*Tilkynningarskyldur reikningur*“ merkir bandarískan tilkynningarskyldan reikning eða íslenskan tilkynningarskyldan reikning, eftir því sem við á.
- bb) „*Íslenskur tilkynningarskyldur reikningur*“ merkir fjárhagsreikning sem bandarísk tilkynningarskyld fjármálastofnun viðheldur ef; (i) vextir hærri en 10 Bandaríkjadalir eru greiddir inn á slíkan reikning á hverju tilteknu almanaksári þegar um innlánsreikning er að ræða í eigu einstaklings sem er heimilisfastur á Íslandi og; eða (ii) reikningshafinn er

heimilisfastur á Íslandi, þar með taldir lögaðilar sem staðfesta skattalegt heimilisfesti á Íslandi, og tekjur sem upprunnar eru í Bandaríkjunum, sem tilkynna ber um skv. 3. kafla undirfyrirsagnar A eða 61. kafla undirfyrirsagnar F í ákvæðum bandarísku skattalaganna (Internal Revenue Codes), eru greiddar inn á hann eða eru færðar til tekna þegar um fjárhagsreikning er að ræða annan en innlánsreikning.

- cc) „*Bandarískur tilkynningarskyldur reikningur*“ merkir fjárhagsreikning sem íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun viðheldur og einn eða fleiri tilgreindir bandarískir aðilar eða lögaðili, sem ekki er bandarískur en hefur einn eða fleiri stjórnandi aðila sem eru tilgreindir bandarískir aðilar, er handhafi að. Þrátt fyrir það sem að framan greinir skal ekki fara með reikning sem bandarískan tilkynningarskyldan reikning, ef slíkur reikningur telst ekki vera bandarískur tilkynningarskyldur reikningur að lokinni þeirri áreiðanleikakönnun er um getur í I. viðauka.
- dd) „*Reikningshafi*“ merkir þann aðila sem sú fjármálastofnun sem viðheldur reikningnum skráir á lista eða auðkennir sem handhafa fjárhagsreiknings. Aðili, annar en fjármálastofnun, sem hefur fjárhagsreikning undir höndum í þágu hagsmuna annars aðila eða fyrir reikning hans sem umboðsaðili, vörsluaðili, tilnefndur aðili, undirritunaraðili, fjárfestingaráðgjafi eða miðlari, skal ekki fara með sem aðila sem hefur fyrrnefndan reikning undir höndum í skilningi þessa samnings og skal fara með fyrrnefndan annan aðila sem hafi hann reikninginn undir höndum. Að því er varðar framangreindan málslið tekur hugtakið „fjármálastofnun“ ekki til fjármálastofnunar sem er skipulögð eða skráð á yfirráðasvæði Bandaríkjanna. Að því er varðar váttryggingarsamninga að tilteknu peningavirði eða lífeyrissamninga telst reikningshafi vera hver sá aðili sem hefur aðgangsrétt að peningavirðinu eða rétt til þess að breyta því hver rétthafi samningsins er. Geti enginn aðili haft aðgang að peningavirðinu eða breytt því hver rétthafinn er, telst reikningshafinn vera hver sá aðili sem er nafngreindur sem eigandi í samningnum og hver sá aðili sem hefur áunninn rétt til greiðslu samkvæmt skilmálum samningsins. Þegar váttryggingarsamningur að tilteknu peningavirði eða lífeyrissamningur fellur í gjalddaga skal farið með sérhvern aðila, sem á rétt til þess að fá greiðslu samkvæmt samningnum, sem væri hann reikningshafi.
- ee) „*Bandarískur aðili*“ merkir bandarískan ríkisborgara eða heimilisfastan einstakling í Bandaríkjunum, sameignarfélag eða fyrirtæki sem er skipulagt í Bandaríkjunum eða, samkvæmt bandarískum lögum eða lögum einstakra ríkja innan alríkisins, fjárvörslusjóð, ef: (i) dómstóll innan Bandaríkjanna myndi hafa heimild samkvæmt viðeigandi lögum til þess að kveða upp úrskurði eða dóma um öll mál í reynd varðandi umsýslu viðkomandi fjárvörslusjóðs og (ii) einn bandarískur aðili eða fleiri hafa fullt ákvörðunarvald fyrir hönd fjárvörslusjóðsins eða annast um bú látinnar manneskju sem var bandarískur ríkisborgari eða heimilisfastur í Bandaríkjunum. Túlka ber þennan undirlið (ee) í 1. mgr. í samræmi við ákvæði bandarískra tekjuskattalaga (Internal Revenue Code).
- ff) „*Tilgreindur bandarískur aðili*“ merkir bandarískan aðila annan en: (i) fyrirtæki hvers hlutabréf ganga reglulega kaupum og sölu á einum eða fleiri viðurkenndum verðbréfamörkuðum; (ii) fyrirtæki sem eru meðlimir í sama útvíkkaða hlutdeildarhópi, samanber skilgreiningu í 2. tölul. e-liðar 1471. kafla bandarísku tekjuskattalaganna (Internal Revenue Code), þ.e. fyrirtæki sem er lýst i-lið; (iii) Bandaríkin eða aðra stjórnarstofnun eða umboðsskrifstofu sem er alfarið í eigu þeirra; (iv) eitthvert ríkja Bandaríkjanna, yfirráðasvæði Bandaríkjanna, sjálfstæð umdæmi þeirra ríkja og svæða eða stjórnarstofnun eða umboðsskrifstofu sem er alfarið í eigu eins þeirra eða fleiri; (v) stofnanir undanþegnar skattlagningu skv. a-lið 501. kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code) eða einkaeftirlaunakerfi, samanber skilgreiningu í 37. tölul. a-liðar 7701. kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code); (vi) banka, samanber skilgreiningu í 581. kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code); (vii) fasteignafjárfestingarsjóði, samanber skilgreiningu í 856. kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code); (viii) eftirlitsskyld fjárfestingarfélag, samanber skilgreiningu í 851. kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code) eða lögaðilar skráðir hjá Verðabréfa- og kauphallanefnd Bandaríkjanna (U.S. Securities and Exchange Commission) samkvæmt lögum um fjárfestingarfélag frá 1940 (15 U.S.C. 80a-

- 64); (ix) almenna fjárvörslusjóði, samanber skilgreiningu í a-lið 584. kafla bandarísku tekjuskattlaganna (Internal Revenue Code).; (x) fjárvörslusjóði undanþegnir skattlagningu skv. c-lið 664. kafla bandarísku tekjuskattlaganna (Internal Revenue Code) eða sem er lýst í 1. tölul. a-liðar 4947. kafla bandarísku tekjuskattlaganna (Internal Revenue Code).; (xi) verðbréfasala, vörusala eða seljendur afleiddra fjármálagerninga (þar með taldir samningar um grundvallarfjárhæð afleiða, framtíðarsamningar, framvirkir samningar og valréttarsamningar) sem eru skráðir sem slíkir samkvæmt bandarískum lögum eða lögum einstakra ríkja; (xii) miðlara, samanber skilgreiningu í c-lið 6045. kafla bandarísku tekjuskattlaganna (Internal Revenue Code); eða (xiii) fjárvörslusjóði undanþegna sköttum samkvæmt áætlun sem er lýst í b-lið 403. kafla eða g-lið 457. kafla bandarísku tekjuskattlaganna (Internal Revenue Code).
- gg) „Lögaðili“ merkir lögaðila eða lagalegt fyrirkomulag eins og fjárvörslusjóð.
- hh) „Lögaðili sem er ekki bandarískur“ merkir lögaðila sem er ekki bandarískur aðili.
- ii) „Afdráttargreiðslur sem upprunnar eru í Bandaríkjunum“ merkir sérhverjar vaxtagreiðslur (þar með talinn afsláttur af upprunalegri útgáfu), arð, leigugjöld, föst laun, kaup, iðgjöld, lífeyri, bætur, þóknanir, gróða og annan fastan eða ákvörðunarhæfan árlegan eða reglubundinn ágóða, hagnað og tekjur, ef þess konar greiðslur eru upprunnar innan Bandaríkjana. Þrátt fyrir framangreint taka afdráttargreiðslur, sem upprunnar eru í Bandaríkjunum, ekki til greiðslna sem ekki er farið með sem afdráttargreiðslur og viðeigandi bandarískar skattareglugerðir fjalla um.
- jj) Lögaðili er „tengdur lögaðili“ við annan lögaðila ef annar þeirra stjórnar hinum eða báðir lúta sameiginlegri stjórn. Að því er þetta varðar tekur stjórn til beins eða óbeins eignarhalds á yfir 50% atkvæða eða verðmætis í lögaðila. Þrátt fyrir framangreint getur Ísland farið með lögaðila sem væri hann ekki tengdur við annan lögaðila, ef báðir lögaðilar eru meðlimir í sama útvíkkaða hlutdeildarhópi, samanber skilgreiningu í 2. tölul. e-liðar 1471. kafla bandarísku tekjuskattlaganna (Internal Revenue Code).
- kk) „Bandarísk skattkennitala“ merkir kenninúmer bandarískis skattgreiðanda alríkisins (taxpayer identifying number).
- ll) „Íslensk skattkennitala“ merkir kennitala íslensks skattgreiðanda.
- mm) „Stjórnandi aðilar“ merkir þá einstaklinga sem fara með stjórn lögaðila. Í tilviki fjárvörslusjóðs merkir fyrrnefnt hugtak stofnandann, vörsluaðilann, verndarann (ef við á), réttshafana eða flokk réttshafa og alla aðra einstaklinga sem fara með virka og endanlega stjórn sjóðsins og í tilviki lagalegs fyrirkomulags annars en fjárvörslusjóðs merkir fyrrnefnt hugtak aðila sem eru í jafngildum eða líkum stöðum. Túlka ber hugtakið „stjórnandi aðilar“ í samræmi við tilmæli Financial Action Task Force (FATF).
2. Hugtök, sem eru ekki skilgreind með öðrum hætti í samningi þessum, skulu, nema samhengið krefjist annars eða viðkomandi bær stjórnvöld komist að samkomulagi um almenna merkingu (eftir því sem innlend lög heimila), hafa þá merkingu sem þau hafa á þeim tíma sem um ræðir samkvæmt lögum þess aðila að samningi þessum sem beitir ákvæðum hans, hverja þá merkingu samkvæmt gildandi skattalögum þess aðila að samningnum sem gengur framur merkingu sem fyrrnefnd hugtök hafa samkvæmt öðrum lögum umrædds aðila að samningnum.

2. gr.

Skuldbinding þess efnis að afla og skiptast á upplýsingum vegna tilkynningarskyldra reikninga.

- Hvor aðili að samningi þessum skal, með fyrirvara um ákvæði 3. gr. hans, afla þeirra upplýsinga sem tilgreindar eru í 2. mgr. þessarar greinar vegna allra tilkynningarskyldra reikninga og skulu skiptast á þessum upplýsingum árlega við hinn aðilann með reglubundnum hætti samkvæmt ákvæðum 25. gr. tvísköttunarsamningsins.
- Þær upplýsingar sem skal afla og skiptast á eru:
 - Í tilviki Íslands, vegna sérhvers tilkynningarskylds bandarískis reiknings hjá sérhverri íslenskri tilkynningarskyldri fjármálastofnun:
 - nafn, heimilisfang og bandaríska skattkennitölu sérhvers tilgreinds bandarískis aðila sem er handhafi slíks reiknings og í tilviki lögaðila, sem er ekki bandarískur og er, að

- lokinni gerð þeirrar áreiðanleikakönnunar er um getur í I. viðauka, talin hafa einn eða fleiri stjórnandi aðila sem eru tilgreindir bandarískir aðilar, nafn, heimilisfang og bandaríska skattkennitölu (ef við á) fyrrnefnds lögaðila og sérhvers fyrrnefnds tilgreinds bandarísks aðila;
- (2) reikningsnúmer (eða virkt ígildi þess sé reikningsnúmer ekki til);
 - (3) nafn og kennitölu viðkomandi íslenskrar tilkynningarskyldrar fjármálastofnunar;
 - (4) reikningsstaða eða virði (þ.m.t., í tilviki váttryggingarsamninga að tilteknu peningavirði eða lífeyrissamninga, peningavirði eða endurkaupsvirði) við lok viðeigandi almanaksárs eða annars viðeigandi reikningsskilatímabils eða, hafi reikningnum verið lokað á fyrrnefndu ári, rétt fyrir lokun;
 - (5) ef um er að ræða vörslureikninga:
 - (A) verg heildarfjárhæð vaxta, verg heildarfjárhæð arðs og verg heildarfjárhæð annarra tekna sem myndast vegna þeirra eigna sem viðkomandi reikningur hefur að geyma og í hverju tilviki eru greiddar eða færðar sem tekjur inn á reikninginn (eða með tilliti til reikningsins) á viðeigandi almanaksári eða öðru viðeigandi reikningsskilatímabili; og
 - (B) vergur heildarafrakstur af sölu eða innlausn eignar sem er greiddur eða færður sem tekjur inn á reikninginn á viðeigandi almanaksári eða öðru viðeigandi reikningsskilatímabili, þ.e. vergur heildarafrakstur sem viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun hafði til meðferðar sem vörsluaðili, miðlari, tilnefndur aðili eða sem umboðsaðili, með öðrum hætti, fyrir viðkomandi reikningshafa;
 - (6) ef um ræðir innlánsreikninga, verg heildarfjárhæð vaxta greidd eða færð sem tekjur inn á reikninginn á viðeigandi almanaksári eða öðru viðeigandi reikningsskilatímabili; og
 - (7) ef um er að ræða reikninga, sem er ekki lýst í 5. tölul. a-liðar 2. mgr. eða 6. tölul. a-liðar 2. mgr. þessarar greinar, heildarfjárhæð vaxta sem er greidd viðkomandi reikningshafa eða færð honum til tekna að því er viðeigandi reikning varðar á viðeigandi almanaksári eða öðru viðeigandi reikningsskilatímabili, þ.e. að því er þann reikning varðar sem viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun er loforðsgjafi eða skuldari vegna, þar með talin samanlögð fjárhæð innlausnargreiðslna til reikningshafans á viðeigandi almanaksári eða öðru viðeigandi reikningsskilatímabili.
- b) Í tilviki Bandaríkjanna, vegna sérhvers tilkynningarskylds íslensks reiknings hjá sérhverri bandarískri tilkynningarskyldri fjármálastofnun:
- (1) nafn, heimilisfang og íslenska skattkennitölu sérhvers aðila sem er heimilisfastur á Íslandi og er handhafi reikningsins;
 - (2) reikningsnúmer (eða virkt ígildi þess sé reikningsnúmer ekki til);
 - (3) nafn og kennitölu viðkomandi bandarískrar tilkynningarskyldrar fjármálastofnunar,
 - (4) heildarfjárhæð vaxta sem er greidd inn á innlánsreikning,
 - (5) heildarfjárhæð arðs sem upprunnin er í Bandaríkjunum og greiddur eða færður inn á reikninginn; og
 - (6) heildarfjárhæð annarra tekna sem upprunnar eru í Bandaríkjunum og greiddar eða færðar inn á reikninginn, að því marki sem þær eru tilkynningarskyldar skv. 3. kafla undirfyrirsagnar A eða 61. kafla undirfyrirsagnar F bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code).

3. gr.

Tímasetning og verklag vegna upplýsingaskiptanna.

1. Að því er varðar skuldbindingar vegna upplýsingaskipta, er um getur í 2. gr. samnings þessa, er heimilt að ákveða fjárhæð greiðslna og lýsingu á eiginleikum þeirra, þ.e. greiðslna inn á tilkynningarskylda bandaríska reikninga, samkvæmt meginreglum íslenskra skattalaga og heimilt er að ákveða fjárhæð greiðslna og lýsingu á eiginleikum þeirra, þ.e. greiðslna inn á tilkynningarskyldan íslenskan reikning, samkvæmt meginreglum alríkislaganna Bandaríkjanna um tekjuskatt.
2. Að því er varðar skuldbindingar vegna upplýsingaskipta, er um getur í 2. gr. samnings þessa, skal koma fram í þeim upplýsingum sem skiptst er á í hvaða gjaldmiðli sérhver viðeigandi fjárhæð er.

3. Að því er varðar ákvæði 2. mgr. 2. gr. samnings þessa skal afla upplýsinga og skiptast á þeim fyrir árið 2014 og öll eftirfarandi ár, að því undanskildu:
 - a) Í tilviki Íslands:
 - (1) að þær upplýsingar sem ber að afla og skiptast á fyrir árið 2014 séu einvörðungu þær upplýsingar sem er lýst í 1. tölul. a-liðar 2. mgr. til 4. tölul. a-liðar 2. mgr. 2. gr. samnings þessa;
 - (2) að þær upplýsingar sem ber að afla og skiptast á fyrir árið 2015 séu þær upplýsingar sem er lýst í 1. tölul. a-liðar 2. mgr. til 7. tölul. a-liðar 2. mgr. 2. gr. samnings þessa, nema vergum afrakstri sem er lýst í B-lið 5. tölul. a-liðar 2. mgr. 2. gr. samnings þessa; og
 - (3) að þær upplýsingar sem ber að afla og skiptast á fyrir árið 2016 og eftirfarandi ár séu þær upplýsingar sem er lýst í 1. tölul. a-liðar 2. mgr. til 7. tölul. a-liðar 2. mgr. 2. gr. samnings þessa.
 - b) Í tilviki Bandaríkjanna, að þær upplýsingar sem ber að afla og skiptast á fyrir árið 2014 og eftirfarandi ár séu allar þær upplýsingar sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr. samnings þessa.
4. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. þessarar greinar er ekki gerð krafa um, að því er varðar sérhvern tilkynningarskyldan reikning sem tilkynningarskyld fjármálastofnun viðheldur frá viðmiðunardagsetningu og með fyrirvara um ákvæði 4. mgr. 6. gr. samnings þessa, að aðilar að samningi þessum afli þeirra upplýsinga sem skiptst er á og felli inn í þær íslenska skattkennitölu eða bandaríska skattkennitölu viðkomandi aðila, eftir því sem við á, ef fyrrnefnda kennitölu skattgreiðenda er ekki að finna í skýrslum viðkomandi tilkynningarskyldrar fjármálastofnunar. Í slíku tilviki skulu aðilar að samningi þessum afla þeirra upplýsinga sem skiptst er á og fella inn í þær fæðingardag og -ár þess aðila sem um ræðir, ef viðkomandi tilkynningarskyld fjármálastofnun hefur fyrrnefndan fæðingardag og -ár í skýrslum sínum.
5. Með fyrirvara um ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar skal skiptast á þeim upplýsingum sem er lýst í 2. gr. samnings þessa innan níu mánaða eftir lok þess almanaksárs sem upplýsingarnar varða.
6. Bær stjórnvöld á Íslandi og í Bandaríkjunum skulu gera með sér samkomulag eða semja um fyrirkomulag, í samræmi við framkvæmd gagnkvæms samkomulags sem kveðið er á um í 24. gr. tvísköttunarsamningsins, þar sem:
 - a) ákveðið er verklag vegna skuldbindinga, sem er lýst í 2. gr. samnings þessa, þess efnis að skiptast á upplýsingum með reglubundnum hætti;
 - b) mælt er fyrir um reglur og verklag eins og nauðsynlegt kann að vera til þess að framkvæma megi ákvæði 5. gr. samnings þessa; og
 - c) ákveðið er, eftir þörfum, verklag vegna skipta á upplýsingum sem eru veittar skv. b-lið 1. mgr. 4. gr. samnings þessa.
7. Um allar upplýsingar, sem skipst er á, gildir þagnarskylda, ásamt öðrum verndarráðstöfunum, sem kveðið er á um í tvísköttunarsamningnum, þar með talin ákvæði sem takmarka notkun fyrrnefndra upplýsinga.
8. Eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi skal hvort bært stjórnvald um sig láta hinu bæra stjórnvaldinu í té skriflega tilkynningu þegar það hefur fengið vissu fyrir því að lögsaga hins bæra stjórnvaldsins hafi til staðar: (i) viðeigandi verndarráðstafanir sem tryggja að þær upplýsingar sem veitt er viðtaka samkvæmt samningi þessum verði áfram háðar þagnarskyldu og notaðar eingöngu vegna skattamála og (ii) fyrirkomulag skilvirkra samskipta í þágu upplýsingaskipta (m.a. viðurkennda verkferla sem tryggja tímanleg, nákvæm og leynileg upplýsingaskipti, skilvirk og áreiðanleg boðskipti og sýnilega getu til að leysa vafamál og ætlunarverk með skjótum hætti sem lúta að upplýsingaskiptum eða beiðnum um upplýsingaskipti og til að annast framkvæmd ákvæða 5. gr. samnings þessa). Viðkomandi bær stjórnvöld skulu leitast við í góðri trú að koma á fundi, fyrir 15. september 2015, til þess að ganga úr skugga um að hvor lögsaga um sig hafi til staðar fyrrnefndar verndarráðstafanir og fyrirkomulag.
9. Þær skuldbindingar sem samningsaðilar gangast undir, þ.e. að afla og skiptast á upplýsingum skv. 2. gr. hans, verða virkar þann dag þegar seinni skriflega tilkynningin, sem er lýst í 8. mgr. þessarar greinar, berst. Þrátt fyrir það sem að framan greinir skal sú skuldbinding Íslands

að afla og skiptast á upplýsingum skv. 2. gr. samnings þessa verða virk þann dag þegar viðkomandi íslenskt bært stjórnvald sendir viðkomandi bandarísku bæru stjórnvaldi fyrrnefnda skriflega tilkynningu skv. 8. mgr. þessarar greinar, hafi hið íslenska lögbæra stjórnvald fengið vissu fyrir því að Bandaríkin hafi til staðar þær varúðarráðstafanir og það fyrirkomulag sem er lýst í 8. mgr. þessarar greinar, en viðbótartíma sé þörf fyrir hið bandaríska bæra stjórnvald til að staðfesta að Ísland hafi fyrrnefndar varúðarráðstafanir og fyrirkomulag til staðar.

10. Samningur þessi fellur úr gildi hinn 30. september 2015 ef ákvæði 2. gr. samnings þessa eru ekki virk, að því er annan hvorn samningsaðila hans varðar, þann dag, samanber ákvæði 9. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

Beiting FATCA-laganna gagnvart íslenskum fjármálastofnunum.

1. **Meðferð sem íslenskar tilkynningarskyldar fjármálastofnanir hljóta.** Farið skal með sérhverja íslenska tilkynningarskylda fjármálastofnun sem hún uppfylli ákvæði 1471. kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code) og skuli ekki sæta afdrætti samkvæmt þeim ákvæðum, ef Ísland uppfyllir skuldbindingar sínar skv. 2. og 3. gr. samnings þessa að því er varðar fyrrnefnda íslenska tilkynningarskylda fjármálastofnun og slík íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun:

- a) auðkennir tilkynningarskylda bandaríska reikninga og veitir íslensku bæru stjórnvaldi árlega þær upplýsingar sem nauðsynlegt er að veita, samanber a-lið 2. mgr. 2. gr. samnings þessa, á þeim tíma og með þeim hætti sem er lýst í 3. gr. samnings þessa;
- b) tilkynnir árlega, vegna ársins 2015 og ársins 2016 hvors um sig, íslensku bæru stjórnvaldi nafn sérhverrar fjármálastofnunar, sem er ekki þátttakandi í FATCA, sem hún hefur innt af hendi greiðslur til og samanlagða fjárhæð þeirra greiðslna;
- c) uppfyllir gildandi kröfur um skráningu sem er að finna á skráningarvefsetri IRS vegna FATCA;
- d) að því marki sem íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun: (i) kemur fram sem viðurkenndur milliliður (að því er varðar 1441. kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code)) sem hefur kosið að takast á hendur þá frumskyldu að halda eftir greiðslum skv. 3. kafla undirfyrirsagnar A í lögum bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code); (ii) er erlent sameignarfélag sem hefur kosið að starfa sem erlent sameignarfélag sem heldur eftir greiðslum (með vísan til bæði 1441. og 1471. kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code)); eða (iii) er erlendur fjárvörslusjóður sem hefur kosið að starfa sem erlendur fjárvörslusjóður sem heldur eftir greiðslum (með vísan til bæði 1441. og 1471. kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code)), heldur eftir 30 hundraðshlutum af greiðslum, sem upprunnar eru í Bandaríkjunum og unnt er að halda eftir, til fjármálastofnana sem eru ekki þátttakendur í FATCA; og
- e) í tilviki íslenskrar tilkynningarskyldrar fjármálastofnunar sem er ekki lýst í d-lið 1. mgr. þessarar greinar og innir af hendi, eða kemur fram sem milliliður vegna, greiðslu, sem upprunin er í Bandaríkjunum, til fjármálastofnana sem eru ekki þátttakendur í FATCA lætur viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun beinum greiðendum fyrrnefndrar greiðslu, sem á rætur að rekja til Bandaríkjanna og unnt er að halda eftir, í té þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til þess að unnt sé að halda eftir greiðslu og senda tilkynningar að því er slíkar greiðslur varðar.

Þrátt fyrir það sem að framan greinir skal íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun, sem uppfyllir ekki skilyrði þessarar 1. mgr. hvað hana varðar, ekki vera bundin því að greiðslum sé haldið eftir skv. 1471. kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code), nema IRS fari með fyrrnefnda íslenska tilkynningarskylda fjármálastofnun sem fjármálastofnun sem er ekki þátttakandi í FATCA skv. b-lið 2. mgr. 5. gr. samnings þessa.

2. **Tímabundin niðurfelling reglna sem varða andstöðureikninga (e. Recalcitrant Accounts).** Bandaríkin skulu ekki gera kröfu um að íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun haldi eftir sköttum skv. 1471. eða 1472. kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code) vegna reiknings sem andstöðureikningshafi heldur (sbr. skilgreiningu í 6. tölul. d-liðar 1471.

kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code)) eða loki þess háttar reikningi, ef viðkomandi bandarískt bært stjórnvald fær þær upplýsingar er um getur í a-lið 2. mgr. 2. gr. samnings þessa, samanber þó ákvæði 3. gr. hans, og varða þess háttar reikning.

3. **Sérmeðferð vegna íslenskra eftirlaunakerfa.** Bandaríkin skulu fara með íslensk eftirlaunakerfi, sem er lýst í II. viðauka, sem væru þau talin erlendar fjármálastofnanir sem uppfylli reglufylgni við skattskyldu eða undanþegnin raunverulegir eigendur, eftir því sem við á, að því er varðar 1471. og 1472. kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code). Hvað þetta varðar tekur íslenskt eftirlaunakerfi til lögaðila sem er stofnsettur eða staðsettur, og eftirlitsskyldur á Íslandi eða til fyrirfram ákveðins fyrirkomulags, sem er samningsbundið eða lagalegt, sem er rekið til þess að sjá fyrir lífeyri eða eftirlaunum eða til þess að afla tekna til þess að unnt sé að sjá fyrir slíkum bótum lögum samkvæmt á Íslandi og eftirlitsskyldt að því er varðar iðgjöld, úthlutanir, tilkynningar, kostun og skattlagningu.
4. **Auðkenning og meðferð annarra erlendra fjármálastofnana sem uppfylla reglufylgni við skattskyldu og undanþeginna raunverulegra eigenda.** Bandaríkin skulu fara með sérhverja íslenska fjármálastofnun, sem er ekki tilkynningaskyld, sem væri hún talin erlend fjármálastofnun sem uppfyllir reglufylgni við skattskyldu eða undanþegnin raunverulegur eigandi, eftir því sem við á, að því er varðar 1471. kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code).
5. **Sérreglur um tengda lögaðila og útibú sem eru fjármálastofnanir sem eru ekki þátttakendur í FATCA.** Hafi íslensk fjármálastofnun, sem annars uppfyllir þær kröfur sem er lýst í 1. mgr. þessarar greinar eða er lýst í 3. eða 4. mgr. þessarar greinar, tengda lögaðila eða útibú - sem stundar starfsemi innan lögsögu sem kemur í veg fyrir að þess háttar aðili eða útibú geti uppfyllt kröfur erlendra fjármálastofnunar sem er þátttakandi eða erlendra fjármálastofnunar sem er talin uppfylla reglufylgni við skattskyldu að því er varðar 1471. kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code) eða hefur tengda lögaðila eða útibú sem farið er með sem fjármálastofnun sem er ekki þátttakandi í FATCA einvörðungu sakir þess að bráðabirgðareglan fyrir erlendar fjármálastofnanir og útibú með takmarkaða ábyrgð, sem víðeigandi bandarískar skattareglugerðir gilda um, er úr gildi fallin - skal slík íslensk fjármálastofnun áfram talin uppfylla skilmála samnings þessa og skal áfram hljóta meðferð sem væri hún erlend fjármálastofnun sem uppfyllir reglufylgni við skattskyldu eða undanþegnin raunverulegur eigandi, eftir því sem við á, að því er varðar 1471. kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code), að því tilskildu:
 - a) að fyrrnefnd íslensk fjármálastofnun fari með sérhvern tengdan lögaðila eða útibú sem aðskilda fjármálastofnun, sem er ekki þátttakandi í FATCA, að því er varðar allar kröfur samnings þessa um að senda tilkynningar og halda eftir greiðslum og að sérhverjir fyrrnefndir tengdir lögaðilar eða útibú segi umboðsaðilum, sem halda eftir greiðslum, deili á sér sem fjármálastofnun sem er ekki þátttakandi í FATCA;
 - b) að sérhverjir fyrrnefndir tengdir lögaðilar eða útibú segi deili á bandarískum reikningum sínum og tilkynni um þær upplýsingar varðandi þá reikninga, eins og krafa er gerð um skv. 1471. kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code), að því marki sem er heimilt samkvæmt víðeigandi lögum sem varða hina tengdu lögaðila eða útibú; og
 - c) að fyrrnefndir tengdir lögaðilar eða útibú sækist ekki sérstaklega eftir bandarískum reikningum sem lögaðilar, sem eru heimilisfastir í þeirri lögsögu þar sem fyrrnefndur tengdur aðili eða útibú er staðsett, eru handhafar að eða reikningum sem fjármálastofnanir, sem eru ekki þátttakendur í FATCA, eru handhafar að og eru ekki stofnsettar í þeirri lögsögu þar sem slíkur tengdur aðili eða útibú er staðsett og að fyrrnefnd íslensk fjármálastofnun eða hver annar tengdur aðilil noti ekki slíkan tengdan lögaðila eða útibú í því skyni að sniðganga skuldbindingar samkvæmt samningi þessum eða samkvæmt 1471. kafla bandarísku tekjuskattslaganna (Internal Revenue Code), eftir því sem við á.
6. **Samræmd tímalína.** Þrátt fyrir ákvæði 3. og 5. mgr. 3. gr. samnings þessa:
 - a) skal Íslandi ekki vera skyldt að afla og skiptast á upplýsingum vegna almanaksárs sem er næst á undan því almanaksári sem þess er krafist vegna að erlendar fjármálastofnanir, sem eru þátttakendur, tilkynni IRS um álika upplýsingar samkvæmt víðeigandi reglugerðum U.S Treasury;

- b) skal Íslandi ekki vera skylt að hefja upplýsingaskipti fyrir þann dag þegar erlendum fjármálastofnunum, sem eru þátttakendur, ber að hefja að tilkynna IRS um álíka upplýsingar samkvæmt viðeigandi reglugerðum U.S. Treasury;
 - c) skal Bandaríkjunum ekki vera skylt að afla og skiptast á upplýsingum vegna almanaksárs sem er næst á undan því fyrsta almanaksári sem þess er krafist vegna að Ísland afli og skiptist á upplýsingum; og
 - d) skal Bandaríkjunum ekki vera skylt að hefja upplýsingaskipti fyrir þann dag þegar Íslandi ber að hefja upplýsingaskipti.
7. **Samræming skilgreininga við reglugerðir U.S. Treasury.** Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. samnings þessa og þær skilgreiningar sem settar eru fram í viðaukunum við hann, er Íslandi heimilt, við framkvæmd samnings þessa, að nota, og getur heimilað íslenskum fjármálastofnunum að nota, skilgreiningu í viðeigandi reglugerðum U.S. Treasury í staðinn fyrir samsvarandi skilgreiningu í samningi þessum, að því tilskildu að þess háttar notkun ónýti ekki tilgang samnings þessa.

5. gr.

Samvinna um reglufylgni og framfylgd.

1. **Minni háttar mistök og stjórnsýslumistök.** Bært stjórnvald skal tilkynna bæru stjórnvaldi hins aðilans ef fyrrnefnda bæra stjórnvaldið hefur ástæðu til að ætla að stjórnsýslumistök eða önnur minniháttar mistök kunni að hafa leitt til rangrar eða ófullkominnar upplýsingagjafar eða brota á ákvæðum samnings þessa. Bært stjórnvald hins síðarnefnda aðila skal beita ákvæðum landslaga sinna (þar með töldum viðeigandi viðurlögum) til þess að afla rétttra og/eða tæmandi upplýsinga eða til þess að finna lausn á öðrum brotum á ákvæðum samnings þessa.
2. **Verulegar vanefndir.**
 - a) Bært stjórnvald skal tilkynna bæru stjórnvaldi hins aðilans þegar fyrrnefnda bæra stjórnvaldið hefur komist að þeirri niðurstöðu að verulegar vanefndir séu á skuldbindingum samkvæmt samningi þessum að því er varðar tilkynningarskylda fjármálastofnun í lögsögu aðila hins fyrrnefnda. Bært stjórnvald hins síðarnefnda aðila skal beita ákvæðum landslaga sinna (þar með töldum viðeigandi viðurlögum) til þess að fást við þær verulegu vanefndir sem er lýst í tilkynningunni.
 - b) Hafi slíkar fullnustuaðgerðir, í tilviki íslenskrar tilkynningarskyldrar fjármálastofnunar, ekki stöðvað fyrrnefndar vanefndir innan 18 mánaða eftir að tilkynnt hefur verið fyrsta sinni um verulegar vanefndir, skulu Bandaríkin fara með viðkomandi íslenska tilkynningarskylda fjármálastofnun sem væri hún fjármálastofnun sem er ekki þáttakandi í FATCA skv. b-lið 2. mgr.
3. **Þjónusta veitt frá þriðja aðila.** Hvor aðili um sig getur heimilað tilkynningarskyldum fjármálastofnunum að styðjast við þjónustu sem veitt er frá þriðja aðila til að efna þær skuldbindingar sem aðili að samningi þessum leggur nefndum tilkynningarskyldum fjármálastofnunum á herðar, samkvæmt samningnum. Engu að síður bera viðkomandi tilkynningarskyldar fjármálastofnanir eftir sem áður ábyrgð á því að þessar skuldbindingar sé efndar.
4. **Komið í veg fyrir sniðgöngu.** Aðilar að samningi þessum skulu fylgja eftir kröfum, eftir því sem nauðsynlegt er, til þess að koma í veg fyrir að fjármálastofnanir taki upp verklag í því skyni að sniðganga tilkynningarskyldu samkvæmt samningi þessum.

6. gr.

Gagnkvæm skuldbinding um að halda áfram að auka skilvirkni upplýsingaskipta og gagnsæi.

1. **Gagnkvæmni.** Bandarísk stjórnvöld viðurkenna þá þörf að ná fram jafnræði í gagnkvæmum, reglulegum upplýsingaskiptum gagnvart Íslandi. Bandarísk stjórnvöld einsetja sér að auka enn frekar gagnsæi og efla tengsl við Ísland á sviði upplýsingaskipta með því að kappkosta að samþykkja reglugerðir og mæla með og styðja viðeigandi lagasetningu til þess að ná megi fram fyrrnefndu jafnræði í gagnkvæmum, reglulegum upplýsingaskiptum.
2. **Meðferð millifærslna (Passthru Payments) og vergságoða.** Samningsaðilar einsetja sér að vinna, ásamt samstarfslögsögum, að því að þróa eins hagnýta og skilvirka aðferð og unnt er til að ná settu marki vegna staðgreiðslu af erlendum millifærslum og vergum ágóða, með sem minnst íþyngjandi aðferð.

3. **Skjalahald vegna reikninga sem er viðhaldið frá viðmiðunardagsetningu.** Að því er varðar tilkynningarskylda reikninga sem tilkynningarskyld fjármálastofnun viðheldur frá viðmiðunardagsetningu¹:
- a) einsetja bandarísk stjórnvöld sér að setja, eigi síðar en 1. janúar 2017 vegna tilkynninga fyrir 2017 og eftirfarandi ár, reglur sem skylda bandarískar tilkynningarskyldar fjármálastofnanir til að afla og tilkynna íslenskar skattkennitölur sérhvers handhafa tilkynningarskylds íslensks reiknings eins og krafa er gerð um skv. 1. tölul. b-liðar 2. mgr. 2. gr. samnings þessa; og
 - b) einsetur Ísland sér að setja, eigi síðar en 1. janúar 2017 vegna tilkynninga fyrir 2017 og eftirfarandi ár, reglur sem skylda íslenskar tilkynningarskyldar fjármálastofnanir til að afla og tilkynna bandarískar skattkennitölur sérhvers tilgreinds bandarísku aðila eins og krafa er gerð um skv. 1. tölul. a-liðar 2. mgr. 2. gr. samnings þessa.

7. gr.

Samræmi í beitingu FATCA-laganna gagnvart samstarfslögsögum.

1. Ísland skal njóta hagræðis af hagstæðari skilmálum skv. 4. gr. samnings þessa eða I. viðauka við hann að því er varðar beitingu FATCA-laganna gagnvart íslenskum fjármálastofnunum, það er hagræðis sem önnur samstarfslögsaga nýtur samkvæmt undirrituðum tvíhliða samningi sem skuldbindur þá lögsögu til þess að efna sömu skuldbindingar og Ísland sem lýst er í 2. og 3. gr. samnings þessa og í samræmi við sömu skilmála og skilyrði eins og þar er lýst og í 5. til 9. gr. samnings þessa.
2. Bandaríkin skulu tilkynna Íslandi um fyrrnefnda hagstæðari skilmála og skulu slíkir hagstæðari skilmálar gilda með sjálfvirkum hætti samkvæmt samningi þessum, rétt eins og þeir væru tilgreindir í samningi þessum og virkir frá þeim degi þegar samningur, sem kveður á um upptöku hagstæðari skilmála, er undirritaður, nema Ísland hafni því skriflega að beita þeim.

8. gr.

Samráð og breytingar.

1. Komi upp erfiðleikar við túlkun samnings þessa getur hvor aðili um sig óskað eftir samráði í því skyni að finna viðeigandi leiðir til þess að tryggja að ákvæði hans komi til framkvæmda.
2. Heimilt er að breyta samningi þessum með skriflegum og gagnkvæmum samningi aðila. Þess háttar breytingar öðlast gildi með sama hætti og um getur í 1. mgr. 10. gr. samnings þessa, nema aðilar að honum sammælist um annað.

9. gr.

Viðaukar.

Viðaukarnir eru óaðskiljanlegur hluti samnings þessa.

10. gr.

Gildistími samningsins.

1. Samningur þessi öðlast gildi þann dag þegar skrifleg tilkynning Íslands berst Bandaríkjunum þess efnis að Ísland hafi lokið nauðsynlegri innlendri málsmeðferð vegna gildistöku samnings þessa.
2. Hvor aðili um sig að samningi þessum getur sagt honum upp með skriflegri tilkynningu til hins aðilans. Uppsögnin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru 12 mánuðir frá þeim degi þegar tilkynnt er um hana.
3. Fyrir 31. desember 2016 skulu aðilar að samningi þessum eiga samráð sín á milli, í góðri trú, um breytingar á því sem kann að vera nauðsynlegt til þess að þeim skuldbindingum er um getur í 6. gr. samnings þessa miði áfram.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, ritað undir samning þennan.

¹ Viðmiðunardagsetning er 30. nóvember 2014 í tilviki Íslands

Gjört í Reykjavík í tvíriti hinn 26. maí 2015

FYRIR HÖND RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

Bjarni Benediktsson

FYRIR HÖND RÍKISSTJÓRNAR
BANDARÍKJA NORÐUR-AMERÍKU
Robert C. Barber

I. VIÐAUKI

Skyldur um áreiðanleikakannanir til þess að geta auðkennt og tilkynnt um bandaríska tilkynningarskylda reikninga og greiðslur til tiltekinna fjármálastofnana sem eru ekki þátttakendur í fatca

I. Almenn.

- A. Ísland skal láta íslenska tilkynningarskylda fjármálastofnun gera þær áreiðanleikakannanir er um getur í þessum I. viðauka til þess að geta auðkennt tilkynningarskylda bandaríska reikninga og reikninga sem fjármálastofnanir sem eru ekki þátttakendur í FATCA eru handhafar að.
- B. Í samningi þessum skal taka mið af að:
1. Allar fjárhæðir í dollurum eru í Bandaríkjadöllum og skulu lesnar þannig að þær taki til samsvarandi fjárhæðar í öðrum gjaldmiðlum.
 2. Staða eða verðmæti reiknings skal ákvarðað frá síðasta degi viðkomandi almanaksárs eða annars viðeigandi reikningsskilatímabils, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.
 3. Þegar ákvarða á stöðu eða viðmiðunarfjárhæð frá viðmiðunardegi samkvæmt þessum I. viðauka, skal ákvarða viðeigandi stöðu eða verðmæti frá þeim degi eða síðasta degi reikningsskilatímabilsins sem lýkur strax á undan viðmiðunardegi og þegar ákvarða á stöðu eða viðmiðunarfjárhæð frá síðasta degi almanaksárs samkvæmt þessum I. viðauka skal ákvarða viðeigandi stöðu eða verðmæti frá síðasta degi almanaksársins eða annars viðeigandi reikningsskilatímabils.
 4. Með fyrirvara um 1. tölul. málsgreinar E í II. kafla þessa I. viðauka skal fara með reikning sem bandarískan tilkynningarskyldan reikning frá þeim degi þegar hann er auðkenndur sem slíkur samkvæmt þeim áreiðanleikakönnunum sem kveðið er á um í þessum I. viðauka.
 5. Upplýsingar, sem varða bandarískan tilkynningarskyldan reikning, skal veita árlega á því almanaksári sem kemur á eftir árinu sem upplýsingarnar varða, nema kveðið sé á um annað.
- C. Sem valkost við þá málsmæðferð sem er lýst í sérhverjum kafla þessa I. viðauka getur Ísland heimilað íslenskum tilkynningarskyldum fjármálastofnunum að styðjast við þær verklagsreglur sem er lýst í viðeigandi bandarískum skattareglugerðum til þess að ákvarða hvort reikningur sé bandarískur tilkynningarskyldur reikningur eða reikningur sem er í höndum fjármálastofnunar sem er ekki þátttakandi í FATCA. Ísland getur heimilað íslenskum tilkynningarskyldum fjármálastofnunum að ákveða slíkan valkost út af fyrir sig fyrir sérhvern kafla þessa I. viðauka, annað hvort að því er varðar alla viðkomandi fjárhagsreikninga eða sér fyrir hvern greinilega auðkenndan hóp slíkra reikninga (svo sem eftir tegund viðskipta eða því hvar viðkomandi reikningi er viðhaldið).
- #### II. Eldri reikningar einstaklinga.
- Eftirfarandi reglur og verklag gildir vegna auðkenningar á tilkynningarskyldum bandarískum reikningum vegna eldri reikninga í eigu einstaklinga („eldri reikningar einstaklinga“).
- A. **Reikningar sem ekki þarf að yfirfara, auðkenna eða tilkynna um.** Að því tilskyldu að viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun kjósi annað, annað hvort að því er varðar alla eldri reikninga einstaklinga fyrir hvern og einn greinilega auðkenndan hóp slíkra reikninga, þar sem framkvæmdarreglur á Íslandi kveða á um slíkt val, er þess ekki krafist að eftirfarandi eldri reikningar einstaklinga séu yfirfarnir, þeir auðkenndir eða tilkynnt um þá sem bandaríska tilkynningarskylda reikninga:
1. Eldri reikningur einstaklings þar sem staðan eða verðmætið er ekki umfram 50.000

Bandaríkjadali frá viðmiðunardagsetningu, með fyrirvara um 2. tölul. málsgreinar E í þessum kafla.

2. Eldri reikningur einstaklings sem er váttryggingarsamningur að tilteknu peningavirði eða lífeyrissamningur þar sem staðan eða verðmætið samsvarar 250.000 Bandaríkjadólum eða minna frá viðmiðunardagsetningu, með fyrirvara um 2. tölul. málsgreinar E í þessum kafla.
 3. Eldri reikningur einstaklings sem er váttryggingarsamningur að tilteknu peningavirði eða lífeyrissamningur, að því gefnu að íslensk eða bandarísk lög eða reglugerðir komi með skilvirkum hætti í veg fyrir sölu slíkra váttryggingarsamninga að tilteknu peningavirði eða lífeyrissamninga til einstaklinga með heimilisfesti í Bandaríkjunum (t.d. ef viðkomandi fjármálastofnun hefur ekki verið skráð eins og krafist er samkvæmt bandarískum lögum og íslensk lög kveða á um tilkynningu eða að haldið sé eftir greiðslu að því er varðar váttryggingarvörur sem einstaklingur heimilisfastur á Íslandi er handhafi að).
 4. Innlánsreikningur þar sem staðan er 50.000 Bandaríkjadali eða minna.
- B. Yfirferð eldri reikninga einstaklinga þar sem staðan eða verðmætið er umfram 50.000 Bandaríkjadali (250.000 Bandaríkjadali fyrir váttryggingarsamning að tilteknu peningavirði eða lífeyrissamning), frá ákvörðunardagsetningu, en er ekki umfram 1.000.000 Bandaríkjadali („reikningar að lægra verðmæti“).**
1. **Rafræn leit.** Viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun verður að yfirfara rafrænt leitarbær gögn, sem hún viðheldur, að því er varðar sérhverjar eftirfarandi vísbendingar um tengsl við Bandaríkin:
 - a) ábending um að reikningshafinn sé bandarískur ríkisborgari eða heimilisfastur í Bandaríkjunum;
 - b) skýlaus vísbending um fæðingarstað í Bandaríkjunum;
 - c) núverandi bandarískt pósthólf eða heimilisfang (þ.m.t. bandarískt pósthólf);
 - d) núverandi bandarískt símanúmer;
 - e) gildandi fyrirmæli um að millifæra fjárhæðir yfir á reikning sem viðhaldið er í Bandaríkjunum;
 - f) núverandi umboð sem er í gildi eða heimild til undirritunar sem veitt er aðila með heimilisfang í Bandaríkjunum: eða
 - g) „berist-til“- eða varðveislupóstfang er eina pósthólf reikningshafans sem viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun hefur á skrá um viðkomandi reikningshafa. Ef um ræðir eldri reikning einstaklings sem er reikningur að lægra verðmæti skal ekki líta á „berist-til“ pósthólf utan Bandaríkjanna eða varðveislupóstfang sem vísbendingar um tengsl við Bandaríkin.
 2. Ef engin af þeim vísbendingum um tengsl við Bandaríkin, sbr. 1. tölul. málsgreinar B þessa kafla, koma fram við rafræna leit er frekari aðgerða ekki þörf fyrir en aðstæður hafa breyst með þeim afleiðingum að ein eða fleiri vísbendingar um tengsl við Bandaríkin koma fram sem tengjast reikningnum eða ef reikningurinn verður reikningur að hærri verðmæti eins og er lýst í málsgrein D í þessum kafla.
 3. Ef einhverjar þeirra vísbendinga um tengsl við Bandaríkin, sem taldar eru upp í 1. tölul. málsgreinar B í þessum kafla, koma fram við rafræna leit eða ef aðstæður breytast með þeim afleiðingum að ein eða fleiri vísbendingar um tengsl við Bandaríkin koma fram sem tengjast reikningnum, þá skal viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun fara með reikninginn sem hann væri bandarískur tilkynningarskyldur reikningur, nema hún kjósi að beita 4. tölul. málsgreinar B í þessum kafla og ein þeirra undantekninga sem er að finna í undirgrein þeirrar málsgreinar gildi um þann reikning.
 4. Þrátt fyrir að vísbendingar um tengsl við Bandaríkin komi fram skv. 1. tölul. málsgreinar B í þessum kafla þarf íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun ekki að fara með reikning sem væri hann bandarískur tilkynningarskyldur reikningur ef:

- a) upplýsingar um reikningshafa gefa skýrlega til kynna **bandarískan fæðingarstað** og viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun hefur gögn, eða hefur áður yfirfarið og viðhaldið slíkum gögnum, yfir:
- (1) yfirlýsingu reikningshafa þess efnis að reikningshafinn sé hvorki bandarískur ríkisborgari né heimilisfastur í Bandaríkjunum í skattalegu tilliti (sem getur verið á eyðublaði W-8 frá IRS eða í svipuðu samþykktu formi);
 - (2) vegarbréf sem ekki er bandarískt eða annað opinbert aukennisskírteini sem sannar annan ríkisborgararétt eða þjóðerni reikningshafa í öðru landi en Bandaríkjunum; **og**
 - (3) afrit af vottorði þess efnis að reikningshafi hafi misst bandarískt ríkisfang sitt eða réttmæta útskýringu á því:
 - (a) hvers vegna viðkomandi reikningshafi hafi ekki slíkt vottorð þrátt fyrir að hafa afsalað sér bandarísku ríkisfangi; **eða**
 - (b) hvers vegna viðkomandi reikningshafi hafi ekki fengið bandarískt ríkisfang við fæðingu.
- b) Þegar upplýsingar um viðkomandi reikningshafa hafa að geyma **núverandi bandarískt pósthaf eða heimilisfang, eða eitt eða fleiri bandarísk símanúmer**, sem eru einu símanúmerin sem tengjast reikningnum, og viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun aflar sér eftirfarandi gagna, eða hefur áður yfirfarið og viðhaldið slíkum gögnum:
- (1) yfirlýsing reikningshafa þess efnis að reikningshafinn sé hvorki bandarískur ríkisborgari né heimilisfastur í Bandaríkjunum í skattalegu tilliti (sem getur verið á eyðublaði W-8 frá IRS eða í svipuðu samþykktu formi); **og**
 - (2) skrifleg sönnunargögn, samanber skilgreiningu í málsgrein D í VI. kafla þessa I. viðauka, sem staðfesta að viðkomandi reikningshafi hafi ekki stöðu bandarísku aðila.
- c) Þar sem upplýsingar um viðkomandi reikningshafa hafa að geyma **gildandi fyrirmæli um að millifæra fjárhæðir yfir á reikning, sem er viðhaldið í Bandaríkjunum**, og viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun aflar eftirfarandi gagna, eða hefur áður yfirfarið og viðhaldið slíkum gögnum:
- (1) yfirlýsing reikningshafa þess efnis að viðkomandi reikningshafi sé hvorki bandarískur ríkisborgari né heimilisfastur í Bandaríkjunum í skattalegu tilliti (sem getur verið á eyðublaði W-8 frá IRS eða í svipuðu samþykktu formi); **og**
 - (2) skrifleg sönnunargögn, samanber skilgreiningu í málsgrein D í VI. kafla þessa I. viðauka, sem staðfesta að viðkomandi reikningshafi hafi ekki stöðu bandarísku aðila.
- d) Þegar upplýsingar um viðkomandi reikningshafa hafa að geyma **umboð sem er í gildi eða heimild til undirritunar sem veitt er einstaklingi með heimilisfang í Bandaríkjunum, „berist-til“- eða varðveislupósthaf sem er eina pósthafið sem er tilgreint fyrir reikningshafann eða hafa að geyma eitt eða fleiri bandarísk símanúmer (ef símanúmer sem ekki er bandarískt tengist líka reikningnum)**, og viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun aflar eftirfarandi gagna, eða hefur áður yfirfarið og viðhaldið slíkum gögnum:
- (1) yfirlýsing reikningshafa þess efnis að reikningshafinn sé hvorki bandarískur ríkisborgari né heimilisfastur í Bandaríkjunum í skattalegu tilliti (sem getur verið á eyðublaði W-8 frá IRS eða í svipuðu samþykktu formi); **eða**
 - (2) skrifleg sönnunargögn, samanber skilgreiningu í málsgrein D í VI. kafla þessa I. viðauka, sem staðfesta að viðkomandi reikningshafi hafi ekki stöðu bandarísku aðila.
- C. **Viðbótarreglur vegna eldri reikninga einstaklinga sem eru reikningar að lægra verðmæti.**
1. Yfirferð eldri reikninga einstaklinga, sem eru reikningar að lægra verðmæti, til að finna vísbendingar um tengsl við Bandaríkin verður að vera lokið innan tveggja ára frá viðmiðunardagsetningu.
 2. Ef aðstæður breytast að því er varðar eldri reikning einstaklings, sem er reikningur

að lægra verðmæti, með þeim afleiðingum að ein eða fleiri vísbendingar um tengsl við Bandaríkin, sem er lýst í 1. tölul. málsgreinar B í þessum kafla, komi fram sem tengjast reikningnum, þá skal viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun fara með reikninginn sem væri hann bandarískur tilkynningarskyldur reikningur, nema ákvæði 4. tölul. málsgreinar B í þessum kafla eigi við.

3. Fyrir utan innlánsreikninga, sem er lýst í 4. tölul. málsgreinar A í þessum kafla, skal fara með alla eldri reikninga einstaklinga, sem hafa verið auðkenndir sem bandarískir tilkynningarskyldir reikningar samkvæmt þessum kafla, sem væru þeir bandarískir tilkynningarskyldir reikningar, öll eftirfarandi ár, nema viðkomandi reikningshafi hætti að vera tilgreindur bandarískur aðili.

D. Aukin yfirferð að því að er varðar eldri reikninga einstaklinga, þar sem staðan eða verðmætið er umfram 1.000.000 Bandaríkjadali frá viðmiðunardagsetningu eða 31. desember 2015 eða á hvaða eftirfarandi ári sem er („reikningar að herra verðmæti“).

1. **Rafræn leit.** Viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnunin verður að yfirfara rafrænt leitarbær gögn sem hún viðheldur að því er varðar allar vísbendingar um tengsl við Bandaríkin sem er lýst í 1. tölul. málsgreinar B í þessum kafla.
2. **Leit í skrá á pappírformi.** Ef leitarbærir rafrænir gagnagrunnar viðkomandi íslenskrar tilkynningarskyldrar fjármálastofnunar hafa að geyma reiti fyrir, og ná til allra þeirra upplýsinga sem er lýst í, 3. tölul. málsgreinar D í þessum kafla, þá er frekari leit í skrá á pappírformi ekki nauðsynleg. Ef hinir rafrænu gagnagrunnar ná ekki til allra þessara upplýsinga, þá skal viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun einnig yfirfara, að því er varðar reikning að herra verðmæti, gildandi grunnskrá viðskiptavinar og, að því marki sem þau eru ekki til staðar í gildandi grunnskrá viðskiptavinar, eftirfarandi gögn sem tengjast reikningnum og viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun hefur aflað á síðustu fimm árum vegna allra vísbendinga um tengsl við Bandaríkin sem er lýst í 1. tölul. málsgreinar B í þessum kafla:
 - a) nýjustu skriflegu sönnunargögnin sem safnað hefur verið viðvikjandi reikningnum;
 - b) nýjasta samninginn eða nýjustu gögn um opnun reiknings;
 - c) nýjustu gögn sem viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun hefur aflað í samræmi við verklagsreglur til að sporna gegn peningabætti og/eða til að vita deili á viðskiptvini (AML/KYC ²Procedures) eða í öðru eftirlitsskyni;
 - d) sérhvert núgildandi form umboðs eða heimildar til undirritunar; og
 - e) öll núgildandi fyrirmæli um að millifæra fjármuni.
3. **Undantekningar þegar gagnagrunnar innihalda fullnægjandi upplýsingar.** Íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun þarf ekki að framkvæma þá leit í skrá á pappírformi sem er lýst í 2. tölul. málsgreinar D í þessum kafla ef þær upplýsingar, sem eru rafrænt leitarbærar og viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun hefur undir höndum, hafa að geyma eftirfarandi:
 - a) þjóðerni reikningshafa eða hvar hann er heimilisfastur;
 - b) heimilisfang og pósthfang reikningshafa sem er á skrá hjá viðkomandi íslenskrari tilkynningarskyldri fjármálastofnun;
 - c) símanúmer reikningshafa sem er á skrá, ef þau eru einhver, hjá viðkomandi íslenskrari tilkynningarskyldri fjármálastofnun;
 - d) hvort gildandi fyrirmæli eru fyrir hendi um að millifæra fjármuni á reikningi yfir á annan reikning (m.a. reikning í öðru útibúi viðkomandi íslenskrar tilkynningarskyldrar fjármálastofnunar eða í annarri fjármálastofnun);
 - e) hvort gildandi „berist-til“ pósthfang eða varðveislupósthfang sé fyrir hendi fyrir reikningshafann; og
 - f) hvort fyrirfinnst einhver umboð eða heimildir til undirritunar að því er varðar reikninginn.
4. **Eftirgrennslan um raunverulega vitneskju þjónustufulltrúa.** Til viðbótar við rafræna leit

² AML: Anti Money Laundering
KYC: Know Your Customer

og leit í skrá á pappírsformi, sem er lýst hér að framan, verður viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun að fara með sérhvern reikning að herra verðmæti, sem þjónustufulltrúi hefur umsjón með, sem bandarískan tilkynningarskyldan reikning (þ.m.t. fjárhagsreikninga sem eru lagðir saman við slíka reikninga að herra verðmæti), ef þjónustufulltrúinn hefur raunverulega vitneskju um að reikningshafinn sé tilgreindur bandarískur aðili.

5. **Áhrif þess að finna vísbendingar um tengsl við Bandaríkin.**

- a) Ef engin þeirra vísbendinga um tengsl við Bandaríkin sem eru skráðar í 1. tölul. málsgreinar B í þessum kafla koma fram með aukinni yfirferð reikninga að herra verðmæti, sem er lýst hér að framan, og viðkomandi reikningur reynist ekki vera í höndum tilgreinds bandaríks aðila er um getur í 4. tölul. málsgreinar D í þessum kafla, þá er ekki frekari aðgerða þörf fyrr en aðstæður hafa breyst með þeim afleiðingum að ein eða fleiri vísbendingar um tengsl við Bandaríkin koma fram sem tengjast reikningnum.
- b) Ef einhverjar þeirra vísbendinga um tengsl við Bandaríkin, sem eru taldaðar upp í 1. tölul. málsgreinar B í þessum kafla, koma fram við aukna yfirferð reikninga að herra verðmæti, sem er lýst hér að framan, eða ef aðstæður breytast síðar með þeim afleiðingum að ein eða fleiri vísbendingar um tengsl við Bandaríkin koma fram sem tengjast reikningnum, þá skal viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun fara með reikninginn sem bandarískan tilkynningarskyldan reikning, nema hún kjósi að beita ákvæðum 4. tölul. málsgreinar B í þessum kafla og ein þeirra undantekninga sem er að finna í slíkri málsgrein gildi um þann reikning.
- c) Fyrir utan innlánsreikninga, sem er lýst í 4. tölul. málsgreinar A í þessum kafla, skal fara með alla eldri reikninga einstaklinga, sem hafa verið auðkenndir sem bandarískir tilkynningarskyldir reikningar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, sem bandaríska tilkynningarskylda reikninga öll eftirfarandi ár, nema viðkomandi reikningshafi hætti að vera tilgreindur bandarískur aðili.

E. **Viðbótarverklagsreglur sem gilda um reikninga að herra verðmæti.**

1. Ef eldri reikningur einstaklings er reikningur að herra verðmæti frá viðmiðunardagsetningu, verður viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun að ljúka þeirri auknu yfirferð sem er lýst í málsgrein D í þessum kafla að því er varðar slíkan reikning innan árs frá viðmiðunardagsetningu. Ef, á grundvelli fyrrnefndrar yfirferðar slíkur reikningur er auðkenndur sem bandarískur tilkynningarskyldur reikningur hinn 31. desember 2014 eða fyrr, verður viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun að tilkynna nauðsynlegar upplýsingar um slíkan reikning, að því er varðar árið 2014, í fyrstu tilkynningunni um reikninginn og árlega eftir það. Ef um ræðir reikning, sem er auðkenndur sem bandarískur tilkynningarskyldur reikningur eftir 31. desember 2014, þarf viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnunin ekki að tilkynna upplýsingar um slíkan reikning fyrir árið 2014, en verður að tilkynna upplýsingar um reikninginn árlega eftirleiðis.
2. Ef eldri reikningur einstaklings er ekki reikningur að herra verðmæti frá viðmiðunardagsetningu, en verður reikningur að herra verðmæti frá síðasta degi ársins 2015 eða einhverju öðru eftirfarandi almanaksári, verður viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun að ljúka aukinni yfirferð, sem er lýst í málsgrein D í þessum kafla að því er slíkan reikning varðar, innan sex mánaða frá síðasta degi þess almanaksárs þegar reikningurinn verður reikningur að herra verðmæti. Ef slíkur reikningur er auðkenndur sem bandarískur tilkynningarskyldur reikningur, á grundvelli fyrrnefndrar yfirferðar, verður viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun að tilkynna nauðsynlegar upplýsingar um slíkan reikning, að því er varðar það ár þegar bent er á að hann sé bandarískur tilkynningarskyldur reikningur og eftirfarandi ár hvert og eitt, nema reikningshafinn hætti að vera tilgreindur bandarískur aðili.
3. Þegar íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun vinnur aukna yfirferð, sem er lýst í málsgrein D í þessum kafla, vegna reiknings að herra verðmæti, þarf viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun ekki að vinna slíka yfirferð aftur, aðra en

eftirgrennslan þjónustufulltrúa, sem er lýst í 4. tölul. málsgreinar D í þessum kafla, vegna sama reiknings að herra verðmæti á hverju ári eftir það.

4. Ef aðstæður breytast að því er varðar reikning að herra verðmæti með þeim afleiðingum að ein eða fleiri bandarískar vísbendingar, sem er lýst í 1. tölul. málsgreinar B í þessum kafla, tengjast reikningnum, þá skal viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun fara með reikninginn sem bandarískan tilkynningarskyldan reikning, nema hún kjósi að beita ákvæðum 4. tölul. málsgreinar B í þessum kafla og ein þeirra undantekninga sem er að finna í slíkri undirgrein gildi um þann reikning.
 5. Íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun verður að innleiða verklagsreglur sem tryggja að þjónustufulltrúi geti bent á allar breytingar á aðstæðum sem varða tiltekinn reikning. Sem dæmi, ef þjónustufulltrúi fær tilkynningu um að viðkomandi reikningshafi hafi nýtt pósthfang í Bandaríkjunum, skal viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun líta á hið nýja pósthfang sem breytingu á aðstæðum og skal, kjósi hún að beita 4. tölul. málsgreinar í þessum kafla, afla allra viðeigandi gagna frá reikningshafanum.
- F. Eldri reikningar einstaklinga sem hafa verið skjalfestir í tilteknum öðrum tilgangi.** Íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun, sem hefur áður aflað gagna frá reikningshafa til þess að staðfesta að reikningshafinn hafi hvorki stöðu sem bandarískur ríkisborgari né hafi heimilisfesti í Bandaríkjunum til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningi við IRS um viðurkennda miðlara, afdrátt staðgreiðslu af erlendum sameignarfélögum eða afdrátt staðgreiðslu af erlendum fjárvörslusjóðum eða til þess að uppfylla skyldur sínar skv. 61. kafla 26. bálks lagasafns Bandaríkjanna, þarf ekki að beita þeirri málsmeðferð sem er lýst í 1. tölul. málsgreinar B í þessum kafla að því er varðar reikninga að lægra verðmæti eða í 1. tölul. málsgreinar D til 3. tölul. málsgreinar D í þessum kafla að því er varðar reikninga að herra verðmæti.

III. Nýir reikningar einstaklinga. Eftirfarandi reglur og málsmeðferð gilda um auðkenningu á tilkynningarskyldum bandarískum reikningum meðal fjárhagsreikninga einstaklinga og eru opnaðir eftir viðmiðunardagsetningu („nýir reikningar einstaklinga“).

- A. **Reikningar sem ekki þarf að yfirfara, auðkenna eða tilkynna um.** Að því tilskyldu að viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun kjósi ekki annað, annað hvort að því er varðar alla nýja reikninga einstaklinga eða út af fyrir sig fyrir hvern greinilega auðkenndan hóp slíkra reikninga, þar sem framkvæmdarreglur á Íslandi kveða á um slíkt val, er þess ekki krafist að eftirfarandi nýir reikningar einstaklinga séu yfirfarnir, þeir séu auðkenndir eða tilkynnt um þá sem bandaríska tilkynningarskylda reikninga:
 1. Innlánsreikningar, nema staðan á reikningnum sé umfram 50.000 Bandaríkjadali við lok einhvers almanaksárs eða annars viðeigandi reikningsskilatímabils.
 2. Vátryggingarsamningar að tilteknu peningavirði, nema peningavirðið sé umfram 50.000 Bandaríkjadali við lok einhvers almanaksárs eða annars viðeigandi reikningsskilatímabils.
- B. **Aðrir nýir reikningar einstaklinga.** Viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun skal, að því er varðar nýja reikninga einstaklinga sem er ekki lýst í málsgrein A í þessum kafla, þegar nýr reikningur er opnaður (eða innan 90 daga frá lokum þess almanaksárs þegar reikningurinn fellur ekki lengur undir málsgrein A í þessum kafla), afla yfirlýsingar reikningshafa sem getur verið meðal þeirra gagna er varða opnun reikningsins og gerir viðkomandi íslenskri tilkynningarskyldri fjármálastofnun kleift að ákvarða hvort reikningshafinn sé skattalega heimilisfastur í Bandaríkjunum (hvað þetta varðar er bandarískur ríkisborgari talinn heimilisfastur í Bandaríkjunum í skattalegu tilliti, jafnvel þótt reikningshafinn sé einnig skattalega heimilisfastur í annarri lögsögu) og að staðfesta réttmæti slíkrar yfirlýsingar reikningshafa á grundvelli þeirra upplýsinga sem viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun aflar í tengslum við opnun reikningsins, m.a. gagna sem er safnað saman í samræmi við verklagsreglur til að sporna gegn peningabætti og/eða til að vita deili á viðskiptivini (AML/KYC Procedures).
 1. Komi staðfesting fram í yfirlýsingu reikningshafa á því að reikningshafinn sé skattalega heimilisfastur í Bandaríkjunum skal viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármála-

stofnun fara með reikninginn sem bandarískan tilkynningarskyldan reikning og afla yfirlýsingar reikningshafa sem inniheldur bandaríska skattkennitölu reikningshafans (sem getur verið á eyðublaði W-9 frá IRS eða í svipuðu samþykktu formi).

2. Ef aðstæður breytast að því er varðar nýjan reikning einstaklings sem veldur því að viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun veit, eða hefur ástæðu til að ætla, að upprunaleg yfirlýsing reikningshafans er röng eða óáreiðanleg, getur viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun ekki byggt á hinni upprunalegu yfirlýsingu reikningshafa og verður að afla sér gildrar yfirlýsingar reikningshafans sem staðfestir hvort reikningshafinn sé bandarískur ríkisborgari eða skattalega heimilisfastur í Bandaríkjunum. Geti viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun ekki aflað gildrar yfirlýsingar reikningshafans skal hún fara með reikninginn sem bandarískan tilkynningarskyldan reikning.

IV. Eldri reikningar lögaðila. Eftirfarandi reglur og málsmeðferð gilda um auðkenningu tilkynningarskyldra bandarískra reikninga og reikninga, sem fjármálastofnanir sem eru ekki þátttakendur í FATCA eru handhafar að, meðal eldri reikninga lögaðila („eldri reikningar lögaðila“).

- A. **Reikningar lögaðila sem ekki þarf að yfirfara, auðkenna eða tilkynna um.** Að því frátölu að viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun kjósi annað, annað hvort að því er varðar alla eldri reikninga lögaðila eða út af fyrir sig fyrir hvern greinilega auðkenndan hóp slíkra reikninga, þar sem framkvæmdarreglur á Íslandi kveða á um slíkt val, er þess ekki krafist að eldri reikningur lögaðila, þar sem staðan eða verðmætið er ekki umfram 250.000 Bandaríkjadali frá viðmiðunardagsetningu, sé yfirfarinn, hann auðkenndur eða tilkynnt um hann sem bandarískan tilkynningarskyldan reikning fyrr en staðan á reikningnum eða verðmætið fer yfir 1.000.000 Bandaríkjadala.
- B. **Reikningar lögaðila sem skal yfirfara.** Yfirfara skal, í samræmi við þá málsmeðferð sem sett er fram í málsgrein D í þessum kafla, eldri reikninga lögaðila, sem hafa stöðu eða verðmæti umfram 250.000 Bandaríkjadali frá viðmiðunardagsetningu, og eldri reikninga lögaðila sem eru ekki umfram 250.000 Bandaríkjadali frá viðmiðunardagsetningu, en staða þeirra eða verðmæti er yfir 1.000.000 Bandaríkjadali frá síðasta degi ársins 2015 eða einhvers annars eftirfarandi almanaksárs.
- C. **Reikningar lögaðila með hliðsjón af því hvers konar tilkynninga er krafist.** Að því er varðar eldri reikninga lögaðila, sem er lýst í málsgrein B í þessum kafla, skulu einungis eftirfarandi reikningar hljóta meðferð sem bandarískir tilkynningarskyldir reikningar - reikningar sem einn aðili eða fleiri, sem er eða eru tilgreindir bandarískir aðilar, er eða eru handhafar að eða óvirkir erlendir lögaðilar sem eru ekki fjármálastofnanir og hafa einn eða fleiri stjórnandi aðila sem eru ríkisborgarar eða heimilisfastir í Bandaríkjunum. Auk þess skal fara með reikninga, sem fjármálastofnanir sem eru ekki þátttakendur í FATCA eru handhafar að, sem reikninga hvers samanlagðar greiðslur eins og er lýst í b.lið 1. tölu. 4. gr. samningsins eru tilkynntar bæru íslensku stjórnvaldi.
- D. **Yfirferð til þess að auðkenna reikninga lögaðila sem skal tilkynna um.** Að því er varðar eldri reikninga lögaðila, sem er lýst í málsgrein B í þessum kafla, skal viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun beita eftirfarandi málsmeðferð við yfirferð í því skyni að ákvarða hvort viðkomandi reikningur sé í höndum eins tilgreinds bandarísks aðila eða fleiri, óvirkra erlendra lögaðila sem eru ekki fjármálastofnanir og hafa einn eða fleiri stjórnandi aðila sem eru ríkisborgarar eða hafa heimilisfesti í Bandaríkjunum eða í höndum fjármálastofnana sem eru ekki þátttakendur í FATCA:
 1. **Ákvarða hvort viðkomandi aðili sé tilgreindur bandarískur aðili.**
 - a) Yfirfara upplýsingar, sem er viðhaldið í eftirlitsskyni eða vegna tengsla viðskiptavina (þ.m.t. upplýsingar sem er safnað í samræmi við verklagsreglur til að sporna gegn peningabætti og/eða til að vita deili á viðskiptvini (AML/KYC Procedures), til þess að ákvarða hvort upplýsingarnar gefi til kynna að reikningshafinn sé bandarískur aðili. Að því er þetta varðar kemur fram í upplýsingum, sem gefa til kynna að reikningshafinn sé bandarískur aðili, hvar í Bandaríkjunum hann er stofnsettur eða skipulagður eða hvert bandarískt pósthfang hans er.

- b) Ef upplýsingarnar gefa til kynna að reikningshafinn sé bandarískur aðili skal viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun fara með reikninginn sem bandarískan tilkynningarskyldan reikning, nema hún afli yfirlýsingar frá reikningshafanum (sem getur verið á eyðublaði W-8 eða W-9 frá IRS eða í svipuðu samþykktu formi) eða ákvarði, með réttmætum hætti á grundvelli upplýsinga sem hún hefur undir höndum eða sem eru öllum aðgengilegar, að reikningshafinn sé ekki tilgreindur bandarískur aðili.
2. **Ákvarða hvort aðili, sem ekki er bandarískur, sé fjármálastofnun.**
- a) Yfirfara upplýsingar, sem er viðhaldið í eftirlitsskyni eða vegna tengsla viðskiptavina (þ.m.t. upplýsingar sem er safnað í samræmi við verklagsreglur til að sporna gegn peningabætti og/eða til að vita deili á viðskiptvini (AML/KYC Procedures), til þess að ákvarða hvort upplýsingarnar gefi til kynna að reikningshafinn sé fjármálastofnun.
- b) Ef upplýsingarnar gefa til kynna að reikningshafinn sé fjármálastofnun, eða ef íslenska tilkynningarskylda fjármálastofnunin staðfestir FATCA miðlarakenninúmer (GII-númer) reikningshafans á birtum lista IRS yfir erlendar fjármálastofnanir, þá er reikningurinn ekki bandarískur tilkynningarskyldur reikningur.
3. **Ákvarða hvort fjármálastofnun sé fjármálastofnun sem er ekki þátttakandi í FATCA, sem tekur við greiðslum sem falla undir samanlagðar tilkynningar skv. b.-lið 1. tölul. 4. gr. sammingsins.**
- a) Með fyrirvara um ákvæði b-liðar 3. tölul. málsgreinar D í þessum kafla getur íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun ákvarðað að reikningshafinn sé íslensk fjármálastofnun eða önnur fjármálastofnun innan samstarfslögsögu, ef viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun ákvarðar með réttmætum hætti að reikningshafinn hafi slíka stöðu á grundvelli GII-númers hans á birtum lista IRS yfir erlendar fjármálastofnanir eða á grundvelli annarra upplýsinga sem eru öllum aðgengilegar eða sem viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun hefur undir höndum, eftir því sem við á. Í slíkum tilvikum er ekki krafist frekari yfirferðar, auðkenningar eða tilkynningar að því er reikninginn varðar.
- b) Ef reikningshafinn er íslensk fjármálastofnun eða önnur fjármálastofnun innan samstarfslögsögu sem IRS fer með sem fjármálastofnun sem er ekki þátttakandi í FATCA, þá er reikningurinn ekki bandarískur tilkynningarskyldur reikningur, en tilkynna skal greiðslur til reikningshafans eins og mælt er fyrir um í b-lið 1. tölul. 4. gr. sammingsins.
- c) Ef reikningshafinn er ekki íslensk fjármálastofnun eða önnur fjármálastofnun innan samstarfslögsögu, þá skal viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun fara með reikningshafann sem fjármálastofnun sem er ekki þátttakandi í FATCA og sem tekur við greiðslum sem eru tilkynningarskyldar skv. b.-lið 1. tölul. 4. gr. sammingsins, nema fyrrnefnda íslenska tilkynningarskylda fjármálastofnunin:
- (1) afli yfirlýsingar reikningshafa (sem getur verið á eyðublaði W-8 frá IRS eða í svipuðu samþykktu formi) frá reikningshafanum sem staðfestir að hann uppfylli skilyrði til þess að vera talinn erlend fjármálastofnun sem uppfyllir reglufylgni um skattskyldu eða sé undanþeginn raunverulegur eigandi, eins og þessi hugtök eru skilgreind í viðeigandi bandarískum skattareglugerðum; **eða**
- (2) í tilfelli fjármálastofnunar sem er þátttakandi eða skráðrar erlendrar fjármálastofnunar sem er talin uppfylla skattskyldu, staðfesti GII-númer reikningshafans, á birtum lista IRS yfir erlendar fjármálastofnanir.
4. **Ákvarða hvort reikningur, sem erlendur aðili sem er ekki fjármálastofnun, er handhafi að, sé bandarískur tilkynningarskyldur reikningur.** Að því er varðar reikningshafa, sem er handhafi eldri reiknings lögaðila og ekki hefur verið auðkenndur sem annað hvort bandarískur aðili eða fjármálastofnun, skal viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun auðkenna (i) hvort reikningshafinn hafi stjórnandi aðila; (ii) hvort reikningshafinn sé óvirkur erlendur lögaðili sem ekki er fjármálastofnun; og (iii) hvort einhver af stjórnandi aðilum reikningshafans sé bandarískur ríkisborgari eða hafi

heimilisfesti í Bandaríkjunum. Viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun skal, þegar þetta er ákvarðað, fylgja þeim leiðbeiningum sem kveðið er á um í a-lið 4. tölul. málsgreinar D til d-liðar 4. tölul. málsgreinar D í þessum kafla, í þeirri röð sem best á við hverju sinni.

- a) Íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun getur, í því skyni að bera kennsl á stjórnandi aðila reikningshafa, byggt á upplýsingum sem safnað er saman og viðhaldið í samræmi við verklagsreglur til að sporna gegn peningabætti og/eða til að vita deili á viðskiptvini (AML/KYC Procedures).
 - b) Viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun skal, í því skyni að ákvarða hvort reikningshafi sé óvirkur erlendur lögaðili sem ekki er fjármálastofnun, afla sér yfirlýsingar frá reikningshafanum (sem getur verið á eyðublaði W-8 eða W-9 frá IRS eða í svipuðu samþykktu formi) til þess að staðfesta stöðu hans, nema hún geti með réttmætum hætti ákvarðað, á grundvelli upplýsinga sem hún hefur undir höndum eða upplýsinga sem eru öllum aðgengilegar, að reikningshafinn sé virkur erlendur lögaðili sem ekki er fjármálastofnun.
 - c) Íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun getur, í því skyni að ákvarða hvort stjórnandi aðili óvirks erlends lögaðila sem ekki er fjármálastofnun sé bandarískur ríkisborgari eða með skattalega heimilisfesti í Bandaríkjunum, byggt á:
 - (1) upplýsingum, sem er safnað saman og viðhaldið í samræmi við verklagsreglur til að sporna gegn peningabætti og/eða til að vita deili á viðskiptvini (AML/KYC Procedures), í tilfelli eldri reiknings lögaðila, sem einn eða fleiri erlendir aðilar sem eru ekki fjármálastofnanir eru handhafar að, þar sem staðan eða verðmætið er ekki umfram 1.000.000 Bandaríkjadala; **eða**
 - (2) yfirlýsingu reikningshafa (sem getur verið á eyðublaði W-8 eða W-9 frá IRS eða í svipuðu samþykktu formi) frá reikningshafanum eða fyrrnefndum stjórnandi aðila í tilfelli eldri reiknings lögaðila, sem einn erlendur lögaðili sem ekki er fjármálastofnun eða fleiri slíkar eru handhafar að, með stöðu eða verðmæti sem ekki er umfram 1.000.000 Bandaríkjadala.
 - d) Ef einhver stjórnandi aðili óvirks erlends lögaðila, sem er ekki fjármálastofnun, er bandarískur ríkisborgari eða með heimilisfesti í Bandaríkjunum skal fara með reikninginn sem bandarískan tilkynningarskyldan reikning.
- E. Tímasetning yfirferðar og viðbótarmálsmeðferðar sem gildir um eldri reikninga lögaðila.**
1. Yfirferð eldri reikninga lögaðila með reikningsstöðu eða verðmæti umfram 250.000 Bandaríkjadali frá viðmiðunardagsetningu verður að vera lokið innan tveggja ára frá viðmiðunardagsetningu.
 2. Yfirferð eldri reikninga lögaðila með stöðu eða verðmæti sem ekki er umfram 250.000 Bandaríkjadali frá viðmiðunardagsetningu, en er umfram 1.000.000 Bandaríkjadala frá 31. desember 2015 eða á hvaða eftirfarandi ári sem er, verður að vera lokið á innan sex mánaða frá síðasta degi viðkomandi almanaksárs þegar reikningsstaðan eða verðmætið fer yfir 1.000.000 Bandaríkjadala.
 3. Ef um er að ræða breyttar aðstæður að því er varðar eldri reikninga lögaðila sem veldur því að íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun veit, eða hefur ástæðu til að ætla, að yfirlýsing reikningshafa eða önnur gögn, sem tengjast reikningnum, eru röng eða óáreiðanleg, ber íslensku tilkynningarskyldu fjármálastofnuninni að endurákvæða stöðu reikningsins í samræmi við þá málsmeðferð sem er sett fram í málsgrein D í þessum kafla.
- V. Nýir reikningar lögaðila.** Eftirfarandi reglur og málsmeðferð gilda um auðkenningu á tilkynningarskyldum bandarískum reikningum og reikningum sem fjármálastofnanir, sem eru ekki þátttakendur í FATCA, eru handhafar að meðal fjárhagsreikninga lögaðila og eru opnaðir eftir viðmiðunardagsetningu („Nýir reikningar lögaðila“).
- A. Reikningar lögaðila sem ekki þarf að yfirfara, auðkenna eða tilkynna um.** Að því frátöldu að viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun kjósi annað, annað hvort að því er varðar alla nýja reikninga lögaðila eða út af fyrir sig fyrir hvern greinilega auðkenndan hóp slíkra reikninga, þar sem framkvæmdarreglur á Íslandi kveða á um slíkt val, er þess

ekki krafist að kreditkortareikningur eða veltilán, sem farið er með sem nýjan reikning lögaðila, sé yfirfarinn eða, sé auðkenndur eða tilkynnt um hann eða það, að því tilskildu að viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun, sem viðheldur slíkum reikningi, hrindi í framkvæmd stefnu og beiti verklagi til þess að koma í veg fyrir að reikningsstaða viðkomandi reikningshafa sé umfram 50.000 Bandaríkjadali.

- B. Aðrir nýir reikningar lögaðila.** Að því er varðar nýja reikninga lögaðila, sem ekki er lýst í málsgrein A í þessum kafla, skal viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun ákvarða hvort reikningshafinn sé: (i) tilgreindur bandarískur aðili; (ii) íslensk fjármálastofnun eða önnur fjármálastofnun innan samstarfslögsögu; (iii) erlend fjármálastofnun sem er þátttakandi, fjármálastofnun sem uppfyllir reglufylgni um skattskyldu eða undanþeginn raunverulegur eigandi, eins og þau hugtök eru skilgreind í viðeigandi bandarískum skattareglugerðum; eða (iv) virkur eða óvirkur erlendur lögaðili sem ekki er fjármálastofnun.

1. Með fyrirvara um ákvæði 2. tölul. málsgreinar B í þessum kafla getur íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun ákvarðað að reikningshafinn sé virkur erlendur lögaðili sem ekki er fjármálastofnun, íslensk fjármálastofnun eða önnur fjármálastofnun innan samstarfslögsögu, ef viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun ákvarðar, með réttmætum hætti, að reikningshafinn hafi slíka stöðu á grundvelli GII-númers reikningshafans eða annarra upplýsinga sem fyrrnefnd íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun hefur undir höndum eða eru öllum aðgengilegar eftir því sem við á.
2. Ef reikningshafinn er íslensk fjármálastofnun eða önnur fjármálastofnun innan samstarfslögsögu sem IRS fer með sem fjármálastofnun sem er ekki þátttakandi í FATCA, þá er reikningurinn ekki bandarískur tilkynningarskyldur reikningur, en tilkynna verður greiðslur til reikningshafans eins og mælt er fyrir um í b-lið 1. tölul. 4. gr. samningsins.
3. Íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun verður í öllum öðrum tilvikum að afla yfirlýsingar frá reikningshafanum til þess að staðfesta stöðu hans. Á grundvelli yfirlýsingar reikningshafans gilda eftirfarandi reglur:
 - a) Ef reikningshafinn er tilgreindur bandarískur aðili verður íslenska tilkynningarskylda fjármálastofnunin að fara með reikninginn sem bandarískan tilkynningarskyldan reikning.
 - b) Ef reikningshafinn er óvirkur erlendur lögaðili sem er ekki fjármálastofnun (Passive NFFE) skal viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun auðkenna viðkomandi stjórnandi aðila, eins og ákvarðað er í samræmi við verklagsreglur til að sporna gegn peningabætti og/eða til að vita deili á viðskiptvini (AML/KYC Procedures), og skal ákvarða hvort einhver slíkur aðili sé bandarískur ríkisborgari eða með heimilisfesti í Bandaríkjunum á grundvelli yfirlýsingar frá reikningshafanum eða aðilanum sjálfum. Ef einhver slíkur aðili er bandarískur ríkisborgari eða með heimilisfesti í Bandaríkjunum skal viðkomandi íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun fara með reikninginn sem bandarískan tilkynningarskyldan reikning.
 - c) Ef reikningshafinn er: (i) bandarískur aðili sem ekki er tilgreindur bandarískur aðili; (ii) aðili sem ákvæði d-liðar 3. tölul. málsgreinar B í þessum kafla gildir um, íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun eða önnur fjármálastofnun innan samstarfslögsögu; (iii) erlend fjármálastofnun sem er þátttakandi, fjármálastofnun sem uppfyllir reglufylgni um skattskyldu eða undanþeginn raunverulegur eigandi, eins og þau hugtök eru skilgreind í viðeigandi bandarískum skattareglugerðum; (iv) virkur erlendur lögaðili sem er ekki fjármálastofnun; eða (v) óvirkur erlendur lögaðili sem ekki er fjármálastofnun þar sem enginn hinna stjórnandi aðila er bandarískur ríkisborgari eða með heimilisfesti í Bandaríkjunum, þá er reikningurinn ekki bandarískur tilkynningarskyldur reikningur og engra tilkynninga er þörf að því er reikninginn varðar.
 - d) Ef reikningshafinn er fjármálastofnun sem er ekki þátttakandi í FATCA (þ.m.t. íslensk fjármálastofnun eða önnur fjármálastofnun innan samstarfslögsögu sem IRS fer með sem fjármálastofnun sem er ekki þátttakandi í FATCA), þá er reikningurinn ekki bandarískur tilkynningarskyldur reikningur, en tilkynna skal greiðslur til reikningshafans eins og mælt er fyrir um í b-lið 1. tölul. 4. gr. samningsins.

VI. Sérreglur og skilgreiningar. Eftirfarandi viðbótarreglur og skilgreiningar gilda um framkvæmd áreiðanleikakönnunar sem er lýst hér að framan:

A. Treyst á yfirlýsingu reikningshafa og skrifleg sönnunargögn. Íslensk tilkynningarskyld fjármálastofnun getur ekki byggt á yfirlýsingu reikningshafa eða skriflegum sönnunargögnum ef viðkomandi tilkynningarskyld íslensk fjármálastofnun veit, eða hefur ástæðu til að ætla, að yfirlýsing reikningshafa eða skriflegu sönnunargögnin séu röng eða óáreiðanleg.

B. Skilgreiningar. Í þessum I. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir.

1. **Málsmeðferð til að sporna gegn peningabætti/ er varðar skyldu til að þekkja viðskiptavin sinn.** „Verklagsreglur til að sporna gegn peningabætti og/eða til að vita deili á viðskiptivini (AML/KYC Procedures)“ merkir reglur um áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum íslenskrar tilkynningarskyldrar fjármálastofnunar í samræmi við kröfur um aðgerðir gegn peningabætti eða svipaðar íslenskar kröfur sem gilda um slíkar íslenskar tilkynningarskyldar fjármálastofnanir.
2. **Erlendur lögaðili sem er ekki fjármálastofnun (NFFE).** „Erlendur lögaðili sem er ekki fjármálastofnun“ merkir aðila sem er ekki bandarískur og er ekki erlend fjármálastofnun, samanber skilgreiningu í viðeigandi bandarískum skattareglugerðum, eða er lögaðili, sem er lýst í j-lið 4. tölul. málsgreinar B í þessum kafla, og tekur einnig til allra lögaðila sem eru ekki bandarískir og eru stofnsettir á Íslandi eða í annarri samstarfslögsögu, og eru ekki fjármálastofnanir.
3. **Óvirkur erlendur lögaðili sem er ekki fjármálastofnun (Passive NFFE).** „Óvirkur erlendur lögaðili sem er ekki fjármálastofnun“ merkir erlendan lögaðila sem er ekki fjármálastofnun og er ekki (i) virkur erlendur lögaðili sem er ekki fjármálastofnun; eða (ii) erlent sameignarfélag sem heldur eftir greiðslu eða erlendur fjárvörslusjóður sem heldur eftir greiðslu í samræmi við viðeigandi bandarískar skattareglugerðir.
4. **Virkur erlendur lögaðili sem er ekki fjármálastofnun (Active NFFE).** „Virkur erlendur lögaðili sem er ekki fjármálastofnun“ merkir erlendan lögaðila sem er ekki fjármálastofnun og uppfyllir einhverjar eftirfarandi viðmiðana:
 - a) innan við 50 hundraðshlutar af vergum tekjum erlenda lögaðilans sem er ekki fjármálastofnun á almanaksárinu á undan eða öðru viðeigandi reikningsskilatímabili eru óbeinar tekjur og innan við 50 hundraðshlutar af eignum erlenda lögaðilans sem er ekki fjármálastofnun á undanfarandi almanaksári eða öðru viðeigandi reikningsskilatímabili eru eignir sem mynda, eða er viðhaldið til að mynda, óbeinar tekjur;
 - b) viðskipti með hluti í viðkomandi erlendum lögaðila, sem ekki er fjármálastofnun, fara fram reglulega á viðurkenndum verðbréfamarkaði eða viðkomandi erlendur lögaðili, sem ekki er fjármálastofnun, er lögaðili sem er tengdur lögaðila sem viðskipti fara fram reglulega með hlutabréf í á viðurkenndum verðbréfamarkaði;
 - c) viðkomandi erlendur lögaðili, sem ekki er fjármálastofnun, er skipulagður á ytra landsvæði Bandaríkjanna og allir eigendur viðkomandi viðtakanda greiðslu eru sannarlega heimilisfastir á ytra landsvæði Bandaríkjanna;
 - d) viðkomandi erlendur lögaðili, sem ekki er fjármálastofnun, er stjórnvald (annað en bandarísk stjórnvöld), sjálfstætt umdæmi slíks stjórnvalds (sem, til að taka af allan vafa, tekur til ríkis, fylkis, héraðs, eða sveitarfélags) eða opinber aðili sem framkvæmir verkefni slíks stjórnvalds eða sjálfstæðs umdæmis þess, stjórnvald ytra landsvæðis Bandaríkjanna, alþjóðastofnun, seðlabanki sem ekki er bandarískur eða lögaðili sem er alfarið í eigu eins eða fleiri áður upptalinna aðila;
 - e) öll starfsemi viðkomandi erlends lögaðila, sem er ekki fjármálastofnun, felst í því að vera handhafi (í heild eða hluta) útistandandi hluta í, eða að útvega fjármagn og þjónustu til eins eða fleiri dótturfélaga, sem stunda viðskipti eða starfsemi sem ekki er starfsemi fjármálastofnunar, að því undanskildu að lögaðili skal ekki teljast erlendur lögaðili, sem ekki er fjármálastofnun, ef hann starfar sem fjárfestingarsjóður (eða kynnir sig sem slíkan), svo sem hlutabréfasjóður sem fjárfestir í óskráðum hlutabréfum, áhættufjármagnssjóður, sjóður til að kaupa skuldsett fyrirtæki (e. Leveraged buyout fund) eða hvaða önnur fjárfestingarleið sem þjónar þeim

tilgangi að eignast eða fjármagna félög og vera síðan handhafi hagsmuna í þeim félögum í formi fjármunaeigna í fjárfestingarskyni;

- f) viðkomandi erlendur lögaðili, sem er ekki fjármálastofnun, hefur ekki enn hafið starfsemi og hefur enga fyrri rekstrarsögu, en fjárfestir í eignum með það að markmiði að stunda starfsemi, aðra en starfsemi fjármálastofnunar, nema að viðkomandi erlendur lögaðili, sem er ekki fjármálastofnun, uppfyllir ekki þessa undanþágu eftir þann dag sem kemur næst á eftir 24 mánuðum eftir þann dag þegar upphafleg stofnun viðkomandi erlends lögaðila, sem er ekki fjármálastofnun, átti sér stað;
 - g) viðkomandi erlendur lögaðili, sem er ekki fjármálastofnun, hefur ekki verið fjármálastofnun næstu fimm ár á undan og verið er að skipta eignum hans upp eða endurskipuleggja hann til þess að halda rekstri áfram eða hefja hann á ný í starfsemi, sem er önnur en starfsemi fjármálastofnunar;
 - h) viðkomandi erlendur lögaðili, sem er ekki fjármálastofnun, fæst fyrst og fremst við fjármögnun og áhættuvarnarviðskipti við eða fyrir tengda lögaðila sem eru ekki fjármálastofnanir og veitir ekki fjármagni eða áhættuvarnarþjónustu til handa neinum lögaðila sem er ekki tengdur lögaðili, að því tilskildu að hópur slíkra tengdra lögaðila fái aðallega við aðra starfsemi en starfsemi fjármálastofnana;
 - i) viðkomandi erlendur lögaðili, sem er ekki fjármálastofnun, er „undanþeginn erlendur lögaðili sem ekki er fjármálastofnun“, eins og er lýst í viðeigandi bandarískum skattareglugerðum; eða
 - j) viðkomandi erlendur lögaðili, sem er ekki fjármálastofnun, uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:
 - i. hann er stofnaður og rekinn í heimilislögsögu sinni einungis af trúarlegum ástæðum, fyrir góðgerðarmálefni, eða í þágu vísinda, lista, menningar, íþróttar eða menntunar eða hann er stofnaður og rekinn í heimilislögsögu sinni og hann er fagfélag, hagsmunasamtök atvinnugreinar, viðskiptaráð, stéttarfélag, landbúnaðar- eða garðyrkjusamtök, borgaraleg félagasamtök eða samtök sem eingöngu eru rekin til að stuðla að félagslegri velferð;
 - ii. hann er undanþeginn tekjuskatti í heimilislögsögu sinni;
 - iii. hann hefur enga hluthafa eða meðlimi sem eiga eignarréttindi í eða hag af tekjum hans eða eignum;
 - iv. gildandi lög í heimilislögsögu viðkomandi erlends lögaðila sem ekki er fjármálastofnun eða stofnskjöl hans heimila ekki að tekjum eða eignum hans sé útteilt til eða þær notaðar í þágu, einstaklinga eða lögaðila sem ekki er góðgerðarfélag, nema til þess að inna af hendi góðgerðarverkefni hans eða sem eðlileg greiðsla fyrir þjónustu sem er veitt eða sem greiðsla sem er í samræmi við sanngjarnt markaðsvirði eignar sem viðkomandi erlendur lögaðili, sem ekki er fjármálastofnun, hefur keypt; og
 - v. samkvæmt gildandi lögum í heimilislögsögu viðkomandi erlends lögaðila sem ekki er fjármálastofnun eða stofnskjölum hans skulu allar eignir hans renna til opinberrar stofnunar eða annarrar stofnunar, sem er ekki rekin í hagnaðarskyni, við skipti eða slit eða renna til stjórnvalda í heimilislögsögu lögaðilans sem ekki er fjármálastofnun eða sjálfstæðs umdæmis þeirra stjórnvalda.
5. **Eldri reikningur.** „Eldri reikningur“ merkir fjárhagsreikning sem tilkynningarskyld fjármálastofnun viðheldur frá því fyrir viðmiðunardagsetningu.
